EX-LIBRIS

618.2
Sax

Stutt Agrip

af

Yfirsetu-qvenna fræðum.

Utgefit

af

Matthias Saxtorph,

Meistara í sømu lærdóms list við þat Konúngliga Universitet í Kaupmannahøfn.

Snúit á íslenzku, og nockru um veikindi sængurqvenna og stólpípur, samt Registri viðbætt

af

Jóni Sveinssyni.

Medic. provinc. Isl.

Prentat í Kaupmannahøfn, 1789.

á konúngligann kostnat,

hiá Jóhann Rúdólph Thiele.

Herr

Justitsraad og Professor

Matthias Sartorph,

min høistærede Velynder og uforglemmelige

Lærer

tilegnet.

Et Udtog

af

Jordemoder-Videnskaben,

Deres eget Værk,

oversat i det Islandske Sprog

underdanigst,

af

John Svendsen.

Formáli rithsfunds
til
Yfirsetu-qvennanna.

Séu þær nockrar, er vid brúkun ágrips þessa einúngis, ætla sér at komaz fullum fetum eptir þeim margbrotna lærdómi er bæklíngrinn houdlar um, og verda vellærdar og duganligar yfirsetu-konur vid hanns eindæmi, án frekari tilsagnar og æfíngar, svo er ei þess at dylia, at ecki einúngis svikr þær stórum ætlun sú, helldr vanbrúka þær og tilætlun þá eg hafdi mér fyrir augum, þá er eg útgaf ritit.

Reynslan sjálf mun draga þær úr skugga um, at hvad hér einúngis er drepit á til at styrkia minnit, þarf náqvæmari skýrslu med, svo framt þær vilie skilia orsokina og hit rétta samhengi þeirra sanninda er hér verda kénnd, og eptir hverium þær sjálfar egu at geta safnat sér skýrligum ímyndunum og fullkominni yfirbevísun um lærdom þann og kunst, er þær á sídan, eptir skyldu og samvitsku æfa skulu manna í milli.

Mundi nockut hin hrióstruga og stutta utskýríng yfir limi þá er fædíngar verkinu vidkoma, draga þær á leid? nema þær med egin augum, á daudum líkomum, sæu og saman bæru tédra lima ásigkomulag vid útmálun þá er bókin gefr, og innprentudu sér svo vid sansanna hiálp, lángtum skýrligri þeckíngu enn nockur útmálun fær gesit; mundi þeim nockut hiálpa sú stutta útskýríng yfir fædínganna náttúru, samhengi og eginligleika? ef þær ei vid egin reynd þreifudu á, at til hvers og eins eru óefanliga þær orsakir sem hér verda leiddar; og hverrar hiálpar væri at vænta af þeim, er eptir lestri einum, án egin

æfíngar,

æfingar, og sjálfar at hafa lært hit rétta handalag, vildu taka sér fyrir at framqvæma og fúska í svo mikilsvægu verki; hvar ecki ríðr á minna enn tveggia mannesskna lífi?

Tilgángr þeßa míns erfiðis er því einganvegin sá: at nockur skuli af eginn ramleik fá héraf svo tilheyriliga og fullkomna þeckíng um fæðingarnar, sem einni yfirsetu-konu byrjar at hafa, því til þeß er rit þetta miog svo ógreiniligt, ónógt, og of stutt; helldr er þat samit í því skini: at einkum þær, er af landi ofan gefa sig undir mína tilsogn og uppfræðíng, og hafa at eins stuttann lærdómstíma, hefdu at minnsta kosti nockra leidar-snúru vid at hallda, og gætu síðan vid hversdags gegnumlestr, jafnvel at endadri sinni skólatíð, rifiat upp reglur þær og lærdóm, er þær ádr heyrt hafa giorla útmáladann, og sjálfar heppiliga æft sig í. Í því tilliti er frædi þeßi hér svo einfalldliga, samanhángandi og regluliga framsett, er mér virdtiz best geta ordit.

Vildu nú þær, er uppfræddar eru í yfirsetuqvenna-ment, ecki láta sér leidaz

at

at leſa og riſia upp med ſér at jafnadi, þat er þær ádr greiniliga heyrt, numit og reynt hafa; vildu þær teikna hiá ſér oll þau tilfelli og fyriburdi, er í ydkun yfirſetu-frædinnar dagliga fyrifalla; ſamanbera þá med þeim lærdómi er bókin innihelldr, og þannig próſa hann í hmſu er uppá fellr, bædi til at auka ſinn eginn vísdóm, og rétta þat ſem rífligri þecking og reynſla ſýna kann at rángt ſé; þá hefir eg nád minu mikilvæga augnamidi, og er þat mér ei alllítil gledi, ef þetta mitt ómak yrdi nytſamligt og at halldi kæmi morgum í því tilliti.

Um Vegu Fædingarinnar.

§. 1.

Sá vegr, gegnum hvern fóstrit fæðiz, samanstendr af hørdum og miúkum pørtum.

§. 2.

Peir hørdu partar eru ein samskeyting af beinum, sem nedst í búknum tengiaz hvert ødru, med briósķi og sína taugum, svoleidis: at þau mynda at innanverdu eitt íbiúgt hol, sem nefniz skál, edr miadmar-hringr, því hún er lík einu botnlausu rakfati.

Af hvada pørtum samanstendr fædingar vegrinn?
Hverir eru þeir hørdu partar?
Af hvad morgum beinum samanstendr skálin?

§. 3.

Á baka til í skálinni liggia þrju ólík bein, hverra hið efsta er þat neðsta lendabein (neðsti lidr í miðhriggnum), sem er ávalt, og skagar nockud fram í holit — miðbeinit kallaz þat helgabein, sem innan til er biúgt, og at ofan hér um þverhandar breidt, en miðckar því meir sem nidr ad dregr — þat neðsta kallaz dausbein, sem er allra minnst og kann at beygiaz til og frá.

Merk: Þessi þriú bein kallaz einu nafni kroßbeinit.

§. 4.

Á báðar hlidar og at framan í skálinni liggia tvø stór bein, sem kallaz miaðmarbein (þau nafnlausu bein), hvert þeirra fyri sig adgreiniz hiá únglingum í þriú stycki, innan í holu þeirri sem lærbeinit snýz í (augakallinum); — þat efsta af styckium þessum kallaz miaðmarspaði, sem breidast er og flatast af þeim øllum, og

---

Hver af þessum liggia bak til?
Hvad skilz fyri kroßbeinit, og hvad heita þau?
Hvar liggia miaðmar beinin?
Hversu adgreinaz þau?

og tengiz at aptanverdu vid þat helgabein — þat neðsta kallaz seßbeinit, sem at innanverdu hefir í miðiunni eina litla útstandandi nybbu, nedantil er þat þyckt, og beygir sig fram og uppá vid med miðum enda sem krókr. Þat sem liggr at framan, kallaz lífbeinit, er hit minnsta af þeßum þremr, íbiúgt at innanverdu, og liggr um þvert uppyfir ádr nefndum nybbum á seßbeininu; þar sem bædi lífbeinin liggia saman, eru þau breiduſt, og kallaz sú breida flet sem endar þeirra giora framan til á skálinni, ísbeinit (blygdunarbeinit).

Merk: Þeßir 3 partar miadmarbeinsins hallda somu nøfnum hiá fullordnum, jafnvel þó þau sen þá svo saman gróin, at valla merkiz hvar þeirra samkomur eru.

§. 5.

Miadmar-hringrinn er hulinn med ymisligum miúkum vortum; svosem: sinum, æðum, himnum, kiøti og húð, kan því hverki vidd

---

Hvernin liggia lífbeinin?
Hvad skilr fyrir isbeinit?
Med hverju er skálin yfirklædd?

hanns né lögun at sjáz, heldr finnaz útvortis á líkamanum; nl.: Isbeinit finnz uppyfir blygduminni; miadmar-spadarnir báðum megin við hverja miðdm; seßbeinin nedan til beggja megin, þegar menn húka; lendabeinit nedan til yfirum miðhriggjinn; þat helgabein bak til í ofanverðri skorunni; og dausbeinit ásamt skálarinnar innvortis rúmi og víðáttu, finna menn með einum fingri, innan til í móðurskeidinni.

§. 6.

Miadmarspaðanna breiðu flatir, þær sem horfa innað, og liggja á báðar sídur; kroßbeinsins kúpuvarna hæð at innan, sem liggr bakatil; og lífbeinsins hvaßi og efsti kantr at framanverðu, skapa barmana á skálinni, en holit myndu þau sömu bein, hvert hol, auk dyptar sinnar, hefir tvö op.

§. 7.

Með því skálin er hulin, hvernin finnz þá hennar lögun og vídd?

Hver bein skapa barmana á skálinni?

Hver skapa holið?

Hvernin adgreinir holið?

§. 7.

Þat efra op, edr inngángr til holsins, er at mynd sem hiarta á spili, er snýr sínum mióa enda at ísbeininu, en þeim breidu ávolu hornum aptr á bádar sídur vid gnýpu kroßbeinsins, vídd þeß er almennt 1 þuml. minni frá gnýpu kroßbeinsins yfir til ísbeinsins, heldrenn um þvert milli miadmar-spadanna, hvar skálin er $5\frac{1}{2}$ þuml. víd, sem þó er styttra enn frá viki því sem er vid kroßbeinit, yfir til hins á skack ansprænis liggianda lísbeins, hver vídd ad er stærst í þeßu opi, einkum medan kiet-treflarnir eru ei enn nú búrtteknir.

§. 8.

Þat nedra op, edr útgángr skálarinnar, er at mynd meir líkt eggi, og, vegna þeirra sinakéndu trefla, er liggia úr því helga beini yfir í seßbeinit, kringlóttast á baka til, verdr svo atdreigit upp eptir, og miórra móts vid ísbeinit; kallaz þeßi miói endi opsins boginn

---

Hvernin er þat efra op lagat?
Hvernin takmarkaz þeß vídátta?
Hversu er hit nedra op lagat?

undir ísbeininu. Vídátta þeßa ops er minnst milli hlidanna, edr þeirra nedstu enda á seßbeinunum, þarámót 1 þuml. stærri aptan frá enda þeß heilaga beins fram ad boga ísbeinsins, hvar hún er $5\frac{1}{2}$ þuml. víd.

§. 9.

Skálarinnar innvortis dhpt er hvelf og íbiúg edr út undir sig, og stærri um-máls at innan, enn bædi inngángrinn og útgángrinn; hún er 6 þuml. laung at aptanverdu, 4 þuml. út vid hlidarnar, og 2 þuml. at framan; hér af siez, at bædi op skálarinnar liggia nálægt hvert ødru at framan, en lángt hvert frá ødru at aptan, svo at á óléttri konu standandi, horfir midpúnktr hins efra ops, í seinasta mánudi, uppí móti hennar nabla, sem þá stendr lengra út enn annars, en midpúnktr hins nedra snidhallt fram á vid og nidr til jardar. Hér af flhtr, at ef menn ímynda sér lódrétta línu hángandi ofan frá nabla, gegnum midpúnkt hins

---

Hvernin takmarkaz þeß vídátta?
Hvar er skálin diúpust, og hvar grynnst?
Liggia opin rett anspræmis hvert ødru?

hins efra ops nidr í hól skálarinnar, þá gioric sú lína skálarinnar midás eda midlinu, og skuli téd lína ganga lódrétt til jardar nidr, gegnum midpúnkt ens nedra ops, má hún beygiaz at eins fram á vid, svo hún skapi einn breidann vinkil; svoleidis afmarkar þessi midpúnktalína bugdu skálarinnar.

§. 10.

Hafi nú skálin hiá einum kvenmanni, hvert hún er stór edr lítil, vel edr illa skepud, ofan skrifada løgun og mælingu, kallaz hún vel logud skál, at því hún er vel lagin til fædingarinnar; en merkiz at hún hiá nockurri sé annathvert preyngri edr vídari í opnum, eda holinu, ellegar hennar løgun er skeckt, vegna einhvers beins, sem hefir óveniuligann skapnad edr legu, svo kallaz hún illa logud skál, er vegna sinnar víddar eda preyngsla orsakar ófullkomna fædingu.

Hvad skilz fyri vel og illa lagada skál?

Med hvad morgu móti kann skálin vera illa løgnd?

§. 11.

Sá miúki fædingar-vegr samanstendr af hinum útvortis blygdunar limum og móðurskeidinni.

§. 12.

Þeir útvortis fædingarlimir eda blygdanin, liggr ámilli lærauna framan á skálinni, allt frá boga ísbeinsins, nidr at endagatinu; í sínu náttúrliga hellbrigda ásigkomulagi, liggia þeir þéttara saman á meyum enn konum, eru opnastir hiá þeim er fædt hafa, og tapa sínni náttúrligu festu og stinnleika, því optar þeir af fædingum útþenjaz. Limir þessir eru: 1) venushædin (klettit), edr sá efsti partr, sem er hárgadr. 2) Þær stóru og þycku blygdunarvarir, sem tillykia blygdunina. 3) Sá síuali vidkvæmi limr efst í skurdinum, sem kallaz kitlari. 4) Þær smáu þvagvarir, sem liggia á sniid innanundir blygdunar vorunum nidr frá kitl-

---

Af hverju samanstendr sá miúki fædingarvegr?
Hvar liggia hinir útvortis fædingarlimir?
Hvernin mismuna þessir hiá meyum og konum?
Hverier eru þeir?

kitlaranum. 5) Hlandblodrunnar litla op á milli hinna smáu hvagvara. 6) Módurskeidar munninn, sem hiá meyum er ærit braungr, og luktr einni hímnu eda holldloppum, en stærri og vídari hiá peim er opt hafa fædt. 7) Haptit, edr ein hímna, sem ad nedan samtengir pær stóru varir, en slitnar í ollum tímabærum fædingum. 8) Milligardrinn, edr skinnbrú sú, er sez milli blygdunarinnar og endagatsins.

§. 13.

Módurskeidin er einn miór, lángr, og biúgr farvegr, sem liggr utan frá blygduninni inní hol skálarinnar, og festiz yfir um miórri enda módurlifsins. Hún er at innanverdu ofan og nedan oll med hruckum, er hiá meyum liggia pétt saman hver vid adra, fletiaz nockut út hiá konum, og eru nær því slettar hiá peim

---

Hvad skilz fyri módurskeidina?
Hvar liggur hún?
Hverin er hún áfost?
Hvernin er hún at innan?

er opt hafa fædt, af því móðurskeidin þenz svo mjög út í fædingunni.

§. 14.

Blandbladran liggr milli móðurskeidarinnar og ísbeinsins, opnaz í mióa himnuartada pípu undir boga ísbeinsins, og er sú áfast vid þá ytri fædingar limu.

§. 15.

Endaþarmrinn liggr lángsetis med bugdunni á enu helgabeini, opnar sig í endagatit fyri aptan milligardinn. Bædi hann og bladran taka eptir því meira eda minna rúm af í skálinni, sem þau eru full edr úttæmd til.

Um

Hvar liggr blandbladran?
Hvar er hennar op?
Hvernin liggr endaþarmrinn?
Hvar opnar hann sig?

Um Móðurlífit.

§. 16.

Móðurlífit, ásamt pörtum þeim því áhánga, liggr í efra opi skálarinnar, miðt á milli hlandblöðrunnar og endaþarmsins, og er áfast við móðurskeiðina, en lífhimnan tengir þat lausliga á báðar síður við skálina, at framan við blöðruna, en aptan við endaþarminn.

§. 17.

Vegna sinnar legu, og hola svampartada skapnadar, hverr at mestu leiti er af kiöttrefjum, æðum og hímnukvapa, lætur þat sig léttiliga útvíðka um medgaungtímann, og samankipra í og eptir fæðinguna.

Merk: Auk þess móðurlífit þienar til getnadarins, er þat einnig limr sá, gegnum hvern mánada tídirnar hafa sitt rennsli.

§. 18.

Hvar liggr móðurlífit?
Hverjum pörtum er þat samtengt?
Hversu er varit þess innvortis skapnadi? og hvada eginligleika leidir þaraf?
Hver er þess nytsemi?

§. 18.

Vidvíkiandi þeß náttúrliga áſtandi fyri medgaungutímann, ſkal atgæta:

1) Lögun þeß og ſtærd, ſem er lík litillri flatri pern.

2) At þat deiliz í 3 parta, nefniliga: hinn efſta og breidaſta enda, er kallaz módurbotninn. Hit miórra midbik, er liggr milli botnſins, og ſamſkeyta módurſkeidarinnar, og kallaz módurlifs bolrinn. Hinn nedſta og miósta enda, at þyckt ſem litla fingr, hér um þumlúngs lángann, liggr haun innan í módurſkeidinni, ſnýr fram at ísbeininu, og kallaz módurhálſinn; á honum er eitt tillokat þver-op, kallat módurmunni, hverſvegna ſá nedſti endi ſkiptiz í 2 varir, hina fremri og aptari.

Módurlifſins innvortis hol er þrikantat, og verdr at einni holri pípu, er endaz í módurmunnanum.

3) Peß

Hvad er athugaverdt um módurlífit fyri medgaungutímann?

Hvernin er þat lagat, og hvad ſtórt?

Í hvada parta abgreiniz þat?

3) Þeß sérligu legu, sem er á suid til í skálinni, svoleidis: at botninum hallar at kroßbeininu, og módurmuninn liggr framá vid, undir boga ísbeinsins.

Merk: Hiá þeim sem born hafa alit, hverra módurlíf er ádr útþanit af barnburdi, er módurlífit allt stærra; módurhálsinn styttri, breidari, þyckri, flatari og linari; varir módurmunnans jafnlángar og gapandi, stundum ójafnar, og eins og þær sieu sundur sprúngnar, þartil þær, med elliuni, aptur samankipraz, hardna og verda minni. Um þat leiti ein stúlka ætlar at fá, edr hefir fengit sínar tídir, verdr módurhálsinn nockut þyckri og linari, og módurmuninn opnari, gegnum hvern mánada hreinsunin skiedr.

§. 19.

Um medgaungutímann umbreytiz módurlífsins stærd, mynd og lega:

1) Mód-

Hvernin liggr módurlífit eginligast?

Hversu mismunar módurlífit í þeim sem barn hafa álid?

Fer þat nockut eptir mánadatídunum?

Hvernin umbreytiz módurlífit um medgaungutímann?

1) Móðurlífsins stærð umbreytiz í medgaungunni, sem er 40 vikna tími, svoleidis: at þat dagliga vex og spenniz lengra upp eptir qvidmun, fram hjá öllum þermunum, allt upp undir hiartagróf (svo heitir holan nedan undir bringspölunum). Þeßi vøxtr móðurlífsins framfer í fylgiandi ordu: í þeim þridia mánudi nær móðurbotninn rétt upp yfir isbeinit; í þeim fimta midt ámilli isbeinsins og nablans; í þeim siøunda upp undir nablann í hiartagrófina; í þeim níunda sigr hann nidr aptr, stendr meir fram, og giørir eins og þverguhyptann stall fyri nedan nablann.

2) Móðurlífsins mynd, og innvortis þrikantada hol, umbreytiz smásaman og likiz nær því einu eggi, sem þat á fylgiandi hátt: tveir þeir efstu partar móðurlífsins, botninn og bolrinn, sem eru lausastir í sér, og mest svampartadir, eru einúngis sá hluti móðurlífsins, sem útvidkaz, stækkar, verdr hnettóttr og

---

Hve lángt og í hverri ordu vex þat uppeptir?
Hvernig umbreytiz móðurlífsins mynd og innvortis hol?

og stendr úti lifit sem ein kúla, í þeim fyrstu fimm mánudum; at þeim lidnum, tekr **móðurhálsinn** og svo til at vidkaz, hanns innvortis hol þenz med lángsemi frá ofanverdu nidureptir, og verdr æ styttri til enda hinns siounda mánadar, þá hann at mestu er ordinn eins miog útþaninn, sem sjálft móðurlifsins hol. **Móðurlifsins** nedsti partr finnz um þat leiti útspennir, kringlóttr, hnettótter og miúkr áteknum í móðurskeidinni, jafnvel þó **móðurmunninn** enn þá sé þyckr, prútinn, tilluktr, og líkr á at preifa einu hunds tryni. Frá þeim siounda mánudi til hins níunda, þynniz og útspenniz hinn hnettótti **móðurháls** meir og meir, þar til móðurmunninn, er áteknum var sem hardr bugr, styttiz miog svo, fletz út, opnaz og slettiz at sídustu alldeilis út.

3) **Móðurlifsins** almenna lega umbreytiz á þann hátt, at þat vegna eggsins þyngsla sígr þá tvo fyrstu mánudi dhyra nidr í móðurskeidina, mótsvid útgáng skálarinnar, en sídan, vid enda hins þridia mánadar, hefz

---

Hvernin umbreytiz móðurlifsins almenniliga lega?

hefz þat aptr upp yfir hit efra op skálarinnar, jafnótt og þat stækkar meir og meir, og kémz umsídir eigi leugr fyrir í skálinni. Þeß sérliga lega umbreytiz smásaman milli þridia og ellunda mánadar frá legu þeirri, er þat hafdi fyri barnburdinn, á þann hátt: at **módurbotninn**, er jafnt og þétt færiz fram og upp yfir hinn fremra barm skálarinnar, liggr í seinasta mánudi med sitt midbik rétt upp yfir midpúnkti þeß efra ops; **módurmuninn** færiz þar ámót leugra til baka, móts vid þat helgabein. **Orsokin** til þeßa er sú áduruefnda gnýpa kroßbeinsins, er skagar fram í skálina; þrýsting innyflanna bak til á módurlífit; sá miói barmr skálarinnar at framanverdu; qvidrinu, er svo liúfliga gefr eptir; og eggsins þyngd og reglubundna vexti.

Stundum umbreytiz eigi módurlífsins stærd, mynd, né lega, um medgaungutímann á hér

---

Hvenær og hversu umbreytiz þeß sierliga lega?
Hvad er orsok til þeßa?
Tekr módurlífit jafnan þvílíka umbreytingu um medgaungutímann?

hér sagdann hátt, hverki í tilliti til tíma eðr ordu, gefr slíkt orsök til hinna ófullkomnu fæðinga, er þvílíkt óregluliga útvídkat, eðr svo kallat skackt móðurlíf til leidar kémr, og síðar mun kénnt verða.

§. 20.

Í fædingunni umbreytiz móðurlífsins mynd, lega og stærð, af þeß efra hluta hvidufullu og voldugu samankiprunum, og þar eptirfylgiandi sárindafullu undanláti og útþenslu hinns nedra hluta. Móðurskeidin, blygdunin og haptit teygiaz, lengiaz og opnaz jafnt tilsamans med holi móðurhálsins.

§. 21.

Strax eptir fædinguna umbreytiz móðurlífsins hol og stærð, fyrir eina jafna smásaman vaxandi samankiprun, er skédr án sárinda, og lætr sig fyrst og fremst í liósi í móð-

Hverja umbreytíngu tekr móðurlífit í fædingunni?
Hvernin verdr móðurskeidin og blygdunin?
Hvernin umbreytiz móðurlífit eptir fædínguna?
Hvar kipraz þat fyrst saman?

urhálsinum, síðan í hinum efri pertum, og seinast, at nockrum tíma liðnum, í móðurmunnanum, hverr strax eptir fæðinguna hángir eins og slapandi garnar stúfr niðr í móðurskeiðina, en ásamt hinum öðrum linu og útvíðkuðu fæðingarlimum umsíðir dregr sig saman, verðr þó allðrei svo þraungr, stinnr né hruckótr sem fyrr. Undir eins og móðurlífit samankipraz, leysiz strax klárt rennandi blóð frá konunni, er síðan umbreytiz til lifra, hveriar at sám degum liðnum, eptir því sem samkipranin skéðr fyrr eðr seinna, verða hvítbleikari, og hverfa at síðustu þegar móðurlífit hefir, sem því er meguligt, samankiprat sig, og nærri því náð sinni fyrri lögun.

Um

Hvar síðan, og seinast?

Um Eggit.

§. 22.

Eins og únginn í fyrstu er innilukt í egginu, svo er og fóstrit innan í móðurlífinu vafit einu himnuvortudu hýdi, sem hefir líkingu af eggi, og innilykr fóstrit med þeß vatni.

§. 23.

Þetta mannliga egg samanstendr af útvortis og innvortis þørtum:

Þeir útvortis partar eru himnurnar eda belgirnir (þegar barnit fædiz med nockru af þeim á höfdinu og ofan eptir lengra edr skémra, kallaz at þat fædiz í siaurkubli), og móðurkakan; himnurnar eru tvær, sú innri og ytri, báðar eru þær þunnar og gagnsærar, einkum sú innri, sprýnga og léttiliga þá útþandar eru,

Af hvada þørtum samanstendr eggit?

Hverir eru þeir útvortis?

Hvad margar eru himnurnar, og hvernin er þeim varit?

edr á þær er þrýz; þær þéna bádar til at innilykia í sér fóstrit og vatnit, og hin ytri, sem øll er med sína treſium at utan, feſtir eggit vid móðurlífit og útgierir mikinn hluta móðurkøkunnar. Móðurkakan er einn linr, flatr og þyckr klumpr, og hinn þyckaſti og þéttaſti hluti eggſins útvortis parta; hún er meira edr minna kringlótt, þyckuſt í midiunni, hvar nablaſtrengrinn liggr inní hana; þynſt at utanverdu, hvar hun einkanligaſt feſtir ſig vid móðurlífit; sú hennar fløt er útſnýr at móðurlífinu, er óſlétt, sú sem innſnýr, er ſlétt, vegna belgſins, er umklædir hana þeimmegin, þar er hún og full af upppruttnum æðum, er hlaupa saman í þriár ſtórar æðar nidr í nablaſtrengginn. Móðurkakann er áfaſt vid fóſtrit med nablaſtrengnum, og vid móðurlífit med æðum, med ſepum þeim, er lafa á hinni ójøfnu hlidinni, og ſérdeilis med þeirri ſina ortudu rønd umhverfis.

Hún

Til hvers þiena þær, einkum hin ytri?
Hvad ſkilz fyri móðurkøkuna?
Hvar er hún þyckuſt og þynnſt?
Hvernin eru hennar ſidur eda flatir áſigkomnar?
Hvar vid er hún áfaſt?

Hún liggr almennt í módurbotninum, sialdan vid hlidarnar og sialdnast í módurhálsinum. Hún þénar til at gióra samgáng milli fóstursins og módurlíffins, þynna fóstursins blód, at þat þeß lidugar runnit geti um þeß líkama; og at byrgia til þær opnu æder í módurlífinn.

§. 24.

Innvortis partar eggsins eru vatnit, fóstrit og nablastrengrinn.

Þegar himnurnar rifna, rennr út nockurskonar þyckt slímartat vatn, er um medgaungutímann hefir hiálpat til at þenia módurlífit jafnt út á allar sídr, gefit fóstrinu fría hræringu, og vardveitt þat frá útvortis ofríki og áfollum, er kynnu at hafa giort því skada.

Hvar liggr hún almennt?
Hver er hennar nytsemi?
Hverier eru eggsins innvortis partar?
Til hvers þienar vatnit?

§. 25.

Fóstrit, sem innan í hjimnunum flýtr í þeßu vatni, adgreiniz í høfudit, bolinn og útlimina. Høfudit er at sínu leiti stærra enn þeir adrir partar, þeir miúku partar fóstursins eru sveigianligir og gefa léttiliga eptir; andlits beinin eru óbifanlig, at undanteknum nedri kiálkunum og ennisbeinunum, og miog brothætt. Høfudskélinnar mynd er aflaung og kúpuvaxin, hún samanstendr af tveimr vángabeinum, tveimr gagnaugnabeinum og einu hnackabeini; þeßi bein eru hræranlig og geta gengit á misvíxl hvert uppá annat, vegna saumanna (svo kallaz samkomur hausbeinanna, sem eru líkar kráku-stig), og hausamótanna, edr skinnbótanna (fontanellernes). Nefndir saumar eru þrír, nefnil.: krúnusaumrinn, er

---

Hvernin adgreiniz fóstrit?
Hvada løgun hefir høfudskelin, og af hvada beinum er hún samsett?
Eru þeßi bein hræranlig?
Hvad skilz fyri saumana?
Hvar, og hvad margir eru þeir?

er liggr milli gagnaugnabeinanna; píluſaumrinn, er liggr frá noſunum ofan til aptr at hnackabeini; vinkilſaumrinn, er liggr ámilli beggia vángabeinanna og hnackabeinſins. Hauſamótin eru tvo, hit fremra, edr ſtærra, ſem er ferhyrndt, og hit aptara, ſem er minna og príhyrndt; hofudit kann hægaſt ſamanpryckiaz at bádum hlidum, en ei lángſetis framan edr aptan frá. Bolrinn edr kroppr barnſins er eigi eins gilldr og hofudit, og kann hægaſt beygiaz áfram. Utlimirnir eru brothættir næſta, og geta eigi beygz utan á vißar ſídur; fætur peckiaz frá hondum á hælunum og oklunum.

§. 26.

Nablaſtrengrinn eda lækrinn, ſem gengr frá qvidi barnſins allt í módurkokuna,

---

Hverſu morg, og hvernin eru hauſamótin?
Hvernveg lætr hofudit ſig beſt ſamanpryckia?
Á hverju peckiaz fæturnir frá hondunum?
Hvernin liggr nablaſtrengrinn, og af hverju er hann giordr?

er samsettr af æðum og fitu nockurri, umvefðum með hinum fyrr umgetnu himnum. Strengir þeir, er mikit hafa af fitu þeßari, kallaz fituſtrengir; hinir aðrir blóðſtrengir; auk þeßa kunna at vera á þeim lyckiur og kuútar. Þegar tvíburar eru fyrir, eru ſtrengirnir optaſt aðſkildir; hvert fóſtur hefir ſína belgi, ſinn nablaſtreng og ſína móðurkoku, er þó ſtundum kunna at vera ſamangrónar.

§. 27.

Svoleiðis er nú eitt virkiligt egg áſgkomit. En til eru einnig fölſk egg, er venjuliga kallaz mánaðarkálfar, kunna þeir og at vera virkiligir og falſkir. Virkiligir mánaðarkálfar eru ſamsettir af himnum og æðum, holir, og fullir með nockurskonar vatßa, ſtundum finnaz í þeim bein og holdtægiur, og eru þat

---

Hve nafngreiniz hann?
Hvað er athugaudi við nablaſtrenginn og fylgiuna þegar tvíburar eru?
Hvað ſkilz fyri mánaðarkálf?
Hvað margſlags eru þeir?

Þat leifar af fortærdu fóstri, sem dáit hefir fyri tímann. Falskir mánadar kálfar kallaz einnig safn eda samdrættir, og myndaz annathvert af leifum fylgjunnar, sem eptir hafa leynz í móðurlífinu, og eru ordnir at hördum klumpum hmi·liga lögudum, ellegar þeir geta og myndaz af lífrudu blóði, holdvöxtum (æxlum), eda af vindi og vatni.

Af hverju kiemr hverr þeirra?

Um Barnshúngann eda þycktina.

§. 28.

Þegar móðurlífit og qvidrinn útvíðkaz af virkiligu eggi, kallaz virkilig þyckt, (edr konan virkiliga þúngut, ólétt, barnshafandi), en útvíðkiz þau af fölsku eggi, kallaz fölsk þyckt.

§. 29.

Ein virkilig þyckt er náttúrlig, þá eggit liggr innan í holi móðurlífsins; einföld, þá eggit er eigi nema eitt; samsett þarámót, séu þar tvíburar, þríburar edr fleiri egg; og blendin, þá bædi eitt virkiligt og falskt egg eru til samans í móðurlífinu.

Um

Haad margslags er þycktin?
Hvernin adgreiniz sú virkiliga þyckt?

Um Ransóknina.

§. 30.

Til at komaz eptir hverſu ádur taldir partar, er bædi um medgaungutímann og í fædingunni hafa hina nánuſtu ſamverkan, ſéu áſigkomnir, er brúkanligt at ranſaka; pat er: med hendinni eda fingrunum at fara um og med konunni, og leita fyri ſér um peirra tilſtand; petta kann at ſkée, í móduríkeidinni, móðurlifinu, endaparminum og utan á qvidnum.

§. 31.

Í framqvæmd ranſóknarinnar, er prennt athugandi, nl.: 1) At ſú ſem ranſakaz ſkal, hafi haggvæma ſtillingu; kann hún eptir kringumſtædum ſtanda, ſitia, liggia, edr

---

Hvar til pienar ranſóknin?
Hvar í er hún innifalin?
Á hvada ſtodum ſkiedr hún?
Hvad er athugaverdt í framkvæmd ranſóknarinnar?

edr vera á fiórum fótum. 2) At sú sem ransakar, eptir ádursegdu, komi sér hentugliga fyrir, annathvert at framanverdu, til hlidar, edr bak til vid konuna, standandi, sitiandi, edr á fiórum fótum. 3) At brúkadr sé sá rétti máti og handalag at ransaka, hvar sem helst vera skal.

§. 32.

Egi at ransaka í móduríkeidinni, sem er hinn veniuligasti ransóknarstadr, þá skal

1) Sængurkonan annathvert liggia á bakit, hafa hátt undir herdunum og dausnum, kreppa vel upp knén, slá í sundr lærunum, og hafa vidspyrnu vid fæturnar; edr hún skal sitia, útarliga á einum stól, med lærin adskilin, og halla sér aptr á bak; ellegar kriúpa, og stydia albogunum nidr, svo at kroppnum halli vel fram, setia dausinn vel aptr og halda í sundr lærunum; edr at síduríu standa, skal hún þá vera hokin í kniánum, slá út lærunum, en halla hriggnum aptr á bak til veggiar.

2) Skal

Hvernin skal haga konunni, þá ransakat er í móduríkeidinni?

2) Skal yfirsetukonan koma sér haganliga fyrir eptir stillingu konunnar, ul. liggi konan, setr hún sig á stól annathvert framan fyrir, edr á hlid vid konuna; sitie konan, setr nærkona sig framan vid hana á kné, edr einn lægri stól; kriúpi konan, neur nærkona stadar at baki henni, og standi konan, sitr hin at framan á lágum stól, edr krýpr á kniánum.

3) Sú reglulegasta atferd at ransaka, er þessi: yfirsetukonan lidkar vísifingrinn og langa tanguna, ádr smurda í uýrri olíu edr ósølltu smiori, med gætni inn eptir módurskeidarinnar íbiúga holi, nøglunum og hnúunum snýr hún aptr at hinn helgabeini, þá adra fingr kreppir hún í lófann, en leggr þumalfingrinn uppá ísbeinit; varaz skal hún at preyngia fingrunum ossliótt inn, at ei skaddiz hruckur þær, sem eru innan til í módurskeidinni, heldr skal hún, ef þerf krefr, med varegyd þrísta á, edr ýta nidrá vid milli-

gard-

Hvernin skal nærkona haganliga stilla sig eptir konunni þá hún liggr, sitr, eda krýpr á kniánum? Hvernin er ransóknar atferdin yfirhofud?

gardinum, og med atgætni leita fyri sér um ásigkomulag þeirra innvortis fædingar parta.

§. 33.

Egi at ransaka í módurlífinu, svo skal:

1) Konan annathvert liggia á bakit, edr á hlidina, utarliga á rúmstócknum, og sé þá lagdr koddi ámillum kuianna, at halda lærunum vel í sundr. Ellegar sitia, edr kriúpa, sem ádr er sagt.

2) Nærkona skal fyribúaz framan vid konuna, nema þegar hún er á fiórum fótum, þá at baki henni.

3) Atferdin er þessi: hendin er smurd, allir fingragómarnir samanlagdir, og hendin giørd sem miónst verdr at framan, svo allir fingurnir í einú, edr nockrir í senn, lidkaz kunni inn í módurskeidina, þar til öll hendin, hverrar baki skal snúit aptr ámót enu helga beini, med hægd er innkomin, og henni þrýz edr hit

---

Þá ransaka skal í módurlífinu, hverninn skal konan koma sier fyrir?

Hversu skal nærkona fyribúaz?

Hverin er sialf atferdin?

hte upp eptir bugdu skálarinnar, allt til móðurmunnans, er somuleidis med gætui sé sundurlidkadr med fingragómunum, svo öll hendin kunni loksins at skadlausu komaz inní sjálst móðurlífit.

§. 34.

Til at ransaka í endaþarminum, útheimtiz:

1) At konan sé annathvert liggiandi á hlidina, med dausinn utarliga á sænginni, ellegar á fiórum fótum, med dausinn vel aptr á bak.
2) At yfirsetu kona nemi stadar framan fyri konunni, ef hún liggr, en bak vid hana, sé hún kriúpandi.
3) At sú rétta atferd brúkiz, sem er þessi: þegar endaþarmrinn er vel tæmdr med einu stóls- edr klýster-pípu, smyriez vísifingrinn og lidkiz med varegyd inní þarfagánginn, eptir því hoginn, sem þarmrinn liggr, til at skoda þá

Hvernin skal konan stillaz þá ransakat er í endaþarminum?

Hversu skal nærkona haga sier?

Hver er ransóknar atferdin?

þá parta, eptir hverra innvortis ásigkomulagi skal grenslaz.

§. 35.

Við úvortis ransókn á qvidnum

1) Er konan optast nær látin liggia á bakit, lágt med herdarnar, en hátt med miadmirnar, og lær og fætr vel adskilin; ellegar sitia og halla sér aptur á bak.
2) Nemr nærkona stadar at aptan edr framanverdu vid konuna, standandi edr sitiandi.
3) Brúkaz fylgiandi atferd: þegar þarmarnir, á undan, eru hreinsadir med stólpípu, leggr nærkona flata og jafnvel kallda hendina á milli nablans og ísbeinsins, þreifar svo hægt um qvidinn, en konan helldr á medan mótí sér endinni.

§. 36.

Ransóknin brúkaz: án þess kona sé barnshafandi; þegar hún er ólétt; í fædingunni; og eptir fædinguna.

An

Hvernin skal konan vera þá ransakat er á qvidnum?
Hvernin hagar nærkona sier?
Hver er ransóknar atferdin?
Hvenær og í hverium tilfellum má brúka ransóknina?

An þeß kona sé barnshafandi, þénar hún:

1) Til at þeckia hinna útvortis fædingarlima náttúrliga og regluliga ásigkomulag, hvarvid menn í sjón og raun undir eins verda áskynia, hvert þeir hafa sína réttu skapun, stinnleika, þreyngsli, vidkvæmni og rósrauda farfa at innanverdu. Þénar tédra parta sullgiorligleiki einni nærkonu til at dæma um, ef þørf krefr, hvert ein kvensvipt er óspillt, þó hafi fædingarlimirnir nocknrn skort tyrr nefndra eginligleika, gefz efi um hennar meydóm, nema limirnir séu, einhvern tíma ádr, af siúkdómum eda ødrum tilfellum úr lagi gengnir.

2) Til at þeckia hvert fædingar limirnir, af nockurri útvortis magt edr ófriki, séu útvidkadir og skaddadir, því þá finnaz þeir sárir, úrþandir, bólgnir, og blódugir, ef skadinn er núliga tilfallinn, hvar um ein yfirsetu kona má vita skýrslu at gefa, svo framt

Sie konan ei óliett, til hvers þienar hún þá?
Hvar af dragaz líkur, at ein sie krenkt?
Hvar af má ráda, at einni stúlku hafi veri naudgat?

grunsemi á leikr, at stúlkunni hafi naudgat verit, og hinnar vitnis sé þar um leitat.

3) Til at þeckia og dæma um, hvert ein hefir ádr fædt, sem þar af þeckiz, sé þat uhliga skéd, at móðurmunninn hángir ofan í móðurskeidina slapandi og úrvídkadr; at þeir ytstu fædingar limir eru þrútnir og blódugir; og at brióstin eru full af miólk. En sé nockut lidit frá fædingunni, þeckiz þat af hruck, um qvidarins; af því at brióstin eru lin; haptit burtu rifit, og móðurmunninn óveniuliga þrútinn, flatr, opinn og minna ávalr.

4) Til at þeckia þá siúkdóma og feil, er mæta kunna í hinum ytstu fædingar limum, móðurskeidinni, móðurlífinu, hlandblædrunni, endaþarminum, qvidnum og milligardinum.

§. 37.

Um medgaungutímann brúkaz ransókuin:

1) Til

Af hverju má dæma hvert ein hefir ádr fædt?
En sie nockut frá lidit, hvar af þeckiz þat þá?

1) Til at komaz eptir, hvert ein sé virkiliga ólétt; er best þeckiz af því, ef móðurlífit er sigit niður í móðurskeidina, átta eda níu viknm eptir getnadinn; tídirnar um sama skeid tepptar; móðurlífit undir eins hnottótt áteknum, og fullt med eitthvad baka til, þeim megin er snýr at endaþarminum; stigi móðurlífit sídan, mót enda hinns þridia mánadar upp aptr, svo botninn, er ádr seyg nidr, finniz rétt fyrir ofan ísbeinit, og móðurmuninn hafi færz lengra aptr og upp í skálina; sé þyckt qvidarins samfara hinum jafna vexti móðurlífsins upp undir nablann, at lidnum þremr mánudum; og loksins, finniz utan á qvidnum, at fóstrit hræri sig, hér um í tíundu viku medgaungutímans; þá er víst at konan er ólétt.

Merk: Öll önnur merki til barnsþúnga, svosem: tídateppa, qvidarins vaxandi þyckt, og hmislig veikinda tilfelli eru óviß og brigdul, þar þau getr leidt af ödrum orsökum, sieu eigi hin ádur upptöldu samferda.

 2) Til

Til hvers brúkaz ransóknin um medgaungutímann? Hvar af þeckiz, at kona sie virkiliga óliett?

2) Til at dæma um, hversu lengi ein kona hefir gengit med; sem þeckiz af móðurbotnsins mismunandi hæckun og vexti; af móðurlífsins neðstu parta umbreytingu; og af fóðursins vaxandi þyngslum.

a) Af móðurbotnsins mismunandi hæckun og vexti; er svoleidis framfer optastnær, at í þeim fiórda mánudi finnz hann litlu ofar enn lífbeinit, í þeim fimmta milli lífbeinsins og nablans, í þeim áttunda upp í hiartagrófinni, í þeim níunda meir skagandi og síginn til baka nidur undir nablann.

b) Af umbreytingu móðurhálsins og móðurmunnans; neðsti partr móðurlífsins sígr nidur undir milligardinn í þeim ódrum mánudi; togaz upp aptr í hinum þridia og horfir ámóti því helga beini; móðurhálsinn er at finna nockut útvídkadr og stærri í þeim fiórda; styttri, linari, og rétt kringlóttr í þeim siounda; þunnr og flatr, eins

---

Af hverju má ráða hvad lengi ein hefir gengit med?
Í hverri vidu hæckar og vex móðurbotninn?
Hve umbreytaz neðstu partar móðurlífsins?

eins og breidr hringr, í hinum níunda, og hiá nockurum med kringlóttu opi.

c) Af fóstursins vaxandi þyngd; þar um má greinslaz med því móti, at þrýsta fingrunum inn í móðurskeidina, á hinn neðsta hluta móðurlífsins, undir enda hinns síotta mánadar, finna menn þá, at fóstrit hræriz í vatninu, milli handanna, þeirrar er lögd er á qvidinn at utan, og hinnar, hverrar fingr eru í móðurskeidinni. Eptir þann siounda mánud liggr þat þéttara ofan yfir móðurmunnanum, og at síðustu nærri því óbifanligt.

Merk: Eingi kona kann med nockurri vißu at telia frá tíma getnadarins, teppu klædafallanna, nie hræringu fóstursins, fylgiz ei hin snuur kienniteikn med.

3) Til at þeckia eina falska barns-þyckt; hveriu trúa má, verdi þeß vart, at qvidrinn þyckni of fliótt og óregluliga, meira á þverveginn, enn upp og ofan; at nablinn útni eigi út á fimmta mánudi, heldr sé

Hve má af fóstrinu marka medgaungutímann?
Hvar af þeckiz sú falska þyckt?

venilinga innsockinn; at móðurmunninn sé lengi óumbreyttr; at blóðlát uppá falli, og fædingin vilie sfé fyri tímann; at fóstrit hræri sig eigi á réttum tíma; at brióstin verði lin, hángandi, og gefi af sér vatnsblandada miólk.

§. 38.

Í fædingunni brúkaz ransóknin til at komaz eptir móðurlífsins og fóstursins legu; hvert fóstrit sé lifandi, daudt edr veikt; hversu vegir fædingarinnar séu ásigkomnir, hvert fædingin sé byriut', og hvert hún gángi regluliga.

§. 39.

Eptir fædinguna sýnir ransóknin á qvidnum, hvert par er einúngis eitt edr fleiri börn, og hvert móðurlífit kiprar sig saman; og af ransóknínni í móðurlífinu fá menn undir eins at vita, hvar móðurkakan er vidgróin.

Um

Til hvers brúkaz ransókn í fædingunni?
Hvar til pienar ransóknin eptir fædinguna?

Um fædingar yfir höfut.

§. 40.

Fædingin er sá atburdr, þegar fóstrit og fylgian, bædi med tilstyrk hinnar fædandi eigin krapta, og annara manna adstod, færiz í gegnum vegu fædingarinnar út af módurlífinu.

§. 41.

Almennast skédr og orsakaz vidburdr fædingarinnar af módurbotnsins og módurbolsins øblugu samanspenningum, hvar til einnig hiálpa eins kreptugir samandrættir í milligardinum, og hinum ytri pørtum, er yfirklæda búkinn, og valda mjøg nidurþrýstingunni; vid þenna samanspenning, þrýstiz allt þat sem er innan í módurlífinu, nidr í módurhálsinn og módurmunnann, hverir seinast í medgaungutímanum eru svo þynntir og veiktir ordnir, at þeßvegna megu láta undan, og opnaz hvad af

 hverju,

Hvad skilz fyri fædinguna?
Hver er orsök til fædingarinnar?

hverju, svo sóstrit, og annat lausligt í móðurlífinu, sái komiz út um vegu sædingarinnar. Séu nú þessir samandrættir móðurlífsins ofveikir, eðr mótstada móðurmunnans og sædingarlimanna hinns vegar ofsterk, þá getr sædingin eigi framqvæmz án mannligs tilstyrks.

§. 42.

Þegar nú móðurmunninn og hinir nálægustu partar, teygiaz og útvíðkaz af eggsins niðurþryckingu, er orsakaz af áðurnefndum samandrætti móðurbotnsins, koma sárar þiáningar í qvidinn, sem kallaz hríðir, jóðsótt eðr léttasótt.

§. 43.

Séu þetta réttar og sannar hríðir, eru þær í fyrstu stuttar, og lengi at koma, halda upp ámilli, en verða síðan meir og meir þeckianligri, sterkari, lángvaranligri og meir hrað-

---

Hvað skilz fyri hríðir?
Eru þær margslags?
Hvernin eru þær riettu og sonnu?

hradfara, gefa sig hellst til kynna yfir um hakhlutann, isbeinit, og innan til í skálinni.

§. 44.

Stundum koma og sárar hiáningar, í qvidinn, er eigi orsakaz af teyging né útvídkun módurmunnans, kunna þær at merkiaz endrar nær, ádr enn fædingar timinn er kominn, þeßar kallaz falskir hrídir.

§. 45.

Þar hinar fölsku hrídir flyta ecki fædingunni, megu þær vel adgreinaz frá þeim réttu. Þær réttu peckia menn þannig:

1) Byria þær med sárindafullum streng frá nablanum, er leggr yfir um lendarnar, nema stadar, og verdr hvad sterkastr í skálinni og umkring isbeinit.

2) Svara þær, í ollum greinum, til samandráttar módurbotnsins, er finnaz kann at utanverdu á lífinu; svo at: eptir því sem samandráttrinn byriaz, kémr med kostum, verdr

---

Hvertar kallaz falskar?

Af hverju peckiaz þær riettu hrídir?

tíðari, lángvaranligri, sterkari, og at síðustu viðvarandi, eptir því byriaz hríðirnar, koma með hvíðum, vaxa og viðvara; og þegar samandrættir móðurlífsins eru óregluligir og ójafnir, verða hríðirnar sömuleiðis óregluligar og ójafnar.

3) Orsaka þær adskilianligar umbreytíngar, meiri útþenslu og þreyngsli á móðurmunnann, belgina og fóstrit, hvar af þær einnig gloggliga þeckiaz.

§. 46.

Falskar hríðir þar á mót þeckiaz af því:

1) At þær hverki byriaz né framfara í sömu ordu sem hinar réttu, heldr koma þvert yfir um lífit, edr annarstadar, hvar eigi byriar, og þat uppá allaun annann máta enn hinar réttu eru vanar at láta sig merkia.

2) At þær alldeilis einga umbreytíng verka, né þreyngia at móðurmunnanum, þrýsta ei heldr á formistit, né þryckia nidr fóstrinu, af því þær orsakaz ecki af samandrætti móðurbotnsins.

3) At

Hvernin þeckiaz hinar fölsku?

3) At þær optast nær liniaz edr hverfa eptir stólpípu, og lángt sunnur medal enn þær réttu.

Merk: Jafnvel þó bædi riettar og falskar hrídir kunni at sylgiaz at, er þó hægt af ádursegdu, at þeckia þeirra mismun.

§. 47.

Hinar réttu fædingar hrídir kallaz reglu-liger edr fullkomnar hrídir, þegar þær epir hendinni, hvad af hverju aukaz, verda tídari, leingri og sterkari. Óregluligar og ófull-komnar kallaz þarámót þær, er eigi vaxa med þvílikum troppugángi og ordu, sem hinar, minka heldr, ellegar láta lángt á milli, mót veniu, og jafnvel alldeilis hverfa burt, án þess at fædingin, fyri þeirra styrk, framqvæmiz reglu-liga, og á réttum tíma.

Merk: Þessar ófullkomnar hrídir eru einganveginn falskar, því þó eigi komi þær svo ódt og tídt, hver

---

Geta hverutveggiu sylgst at?
Eru þær riettu fædingar hrídir margslags?
Hvenær kallaz þær regluligar edr fullkomnar?
Hverninn eru þær óregluligu og ófullkomnu?
Eru þær eigi falskar?

hver á adra ofan, 'vallda þeim þó virkiligir samandrættir móðurlífsins, hverier, vegna þess þeir ei fara svo regluliga að, sem þeim byriadi, ecki helldr útvíðka móðurmunnann svo sterkliga, nie þenia hann svo regluliga í sundur, og kiemr þar af óreglan í þessum þreyngsla og sárindafullu hríðum.

§. 48.

Þær réttu hríðir hafa, auk þessa adskiliulig nøfn, eptir því sem þær eru harðar, og eptir þeim tíma í fæðingunni, á hverium þær uppáfalla; svo sem:

1) Þær sem uppá koma í síðasta mánuði medgaungutímans litlu á undan fæðingunni, kallaz fyrivarar, plockhríðir edr bodarar, því þær boda fæðinguna nálæga.
2) Þær sem byria fæðinguna, þenia at marki, og opna móðurmunnann, kallaz smáhríðir edr byriarar.
3) Þær sem kreptugliga hiálpa til fæðingarinnar framgángs, kallaz þær réttu fæðingar hríðir.

4) Þær

Hvernig nafngreinaz hinar riettu hríðir?

Hvað skilz fyri fyrivara? smáhríðir? og riettar fæðingar hríðir?

4) Þær sem fylliliga afkasta fædingunni, kallaz skiálfandi hrídir.

5) Þær sem leysa fylgiuna, kallaz eptir-hrídir.

Merk: Allar þessar hrídir mismuna eigi, utan í tilliti til þess, hvad þær fara vaxandi, og eru hægar eda sterkar, og er þat eingi veruligr mismunr.

§. 49.

Eins og hrídirnar adgreinaz í tilliti til þess, hvad þær vaxa meir og meir, svo atgreina menn og á regluligu fædingar vidburdi eptir þeim sømu, og eptir umskiptum þeim, er þadan flióta, í fimm slík edr adgreind tímabil.

Þat fyrsta tímabil innihelldr hin þeckianligu umskipti, sem fraunsara í seinustu tíd medgaungutímans, litlu fyri fædinguna, og orsakaz af móðurbotnsins byriada, og enn nú hæga samandrætti. Þess-

---

Hvad skilz fyri skiálfandi, og eptir-hrídir?

Í hverin er allra þessara munr innifalinn?

Hvernin adgreinaz vidburdir fædingarinnar?

Hveriar umbreytingar koma fyrir í því fyrsta tímabili?

Af hverju orsakaz þessar?

Þeßar umbreytíngar eru:

1) At qvidarins þyckt ſígr meir og meir nidr og fram ámóts vid nablann.

2) Fyrivara hrídirnar (§. 48.) koma helðſt ámóti kvelldi.

3) Konunni finnz ſem ſér verdi opt mál at láta þvagit, ſama er at ſegia um hægdir til bakſins.

4) Slímit í módurſkeidinni verdr ſeigara, yfirfliótanligra, og at ſíduſtu nockut blódblandat.

5) Fædíngarlimirnir og fæturnir þrútna haſtarliga.

Merk: Allar þeßar umbreytíngar eru þeßvegna merki þau, er boda nærveru fædíngarinnar, því módurhálſinn er um þat leiti hvad meſt útvídkadr, ſtúttr og kúluvaxinn, módurmunninn er yfrit þunnr, nærri því ſem pappír, og ſtundum ſvo opinn, at forniſlit er audfundit í gegnum hann.

§. 50.

Þat annat tímabil innibindr þær umbreytíngar, er augljóſa ſig þegar fædíngin þeckianliga er byrjut; og eru þær þeßar:

1) Fyrir

Hvad gefa þær til kynna?

Hvada umbreytíngar innihelldr þat annat tímabil?

1) Fyrirvara hríðirnar breytaz, og verða at þeim eginligu smáhríðum, sem eru sárari, þreyngia með meira abli at egginu, og vallda því, at konan má lengr halda niðri í sér andiuni.

2) Finna menn utan til, at móðurbotninn verðr með kostum harðr, stinur, og dregur sig merkiliga tilsamans.

3) Einnig er audfundit innan til, at varir móðurmunnans teygiaz, þynnaz og útvíkkaz meir og meir í hríðunum, en linaz og verða slapandi undir eins og þeim vægir.

4) Strengiz, þenz og uppfylliz belgrinn af vatninu í hríðunum, og þrýstiz sem fleygr niðr í móðurmunnann, kallaz þá, at fornistit finniz, en þat linaz aptr milli hríðanna.

5) Samanþryckiz fóstrit í hríðunum, og leitar jafnótt lengra og lengra áfram, og því meir sem höfudit preßaz fram í op skálarinnar, því meir gánga höfudbeinin á misvíxl, í saumunum og hausamótunum, hvar af skinnit hruckaz í fyrstu, en verður síðan at kringlóttum, flötum og hörðum þrota á barnsins höfði,

hofdi, medan hrídirnar og nidurþrýstíngin vidvara.

Merk: Þeßar umbreytíngar eru því merki þau, hvar af þeckiz, at fædíngin nú sie fyrir alvǫru byriut.

§. 51.

Þat þridia tímabil yfirgrípr þær umbreytíngar, sem uppkoma þegar lengra lídr á fædínguna; og eru þær þeßar:

1) At hrídir þær, er ádr byriudu fædínguna, og vóru hægar, stuttar, og eigi svo tídar, verda nú heiptugri, tídari, lángsamari, þreyngíngarfyllri og sárari; sú fædandi verdr bróſamari, hennar ædasláttr, líkama hiti, andlits rodi, og hardúdigt útlit fara vaxandi; hún helldr lengr nidri sér ǫndinni; hennar raust, er í upphafi var dimm, og eins og rembíngs full, breytiz smásaman í hærri og lángsamari hliód.

2) At módurmunninn er svo opinn og útvídkadr, at hann gierir eins og hríng eda krans umkríng barnsins hǫfud. 3) At

---

Hvad gefa þeßar til kynna?

Hveriar umbreytíngar innihelldr þat þridia tímabil?

3) At forniſtit er kyrt utan fyri móðurmunnanum, og hiadnar eigi at afſtødnum hríðunum.

4) At høfudit er nú allareidu, í gegnum þat efra op, niðurpreßat í bugdu hins helga beins.

Merk: Af þeßum umſkiptum ſiá menn fædíngarinnar framgáng.

§. 52.

Þat fiórda tímabil innihelldr þær umbreytíngar, er auglýſa ſig við enda fædíngarinnar; og eru þeßar:

1) At hríðar þær ſem framfylgia fædíngunni, umbreytaz í ſvo kalladar ſkiálfandi hríðir, eru þær hinar heiptuguſtu, ſtraunguſtu, og koma án minnſtu bidar hver á fætr annari, titra þá knén, líkaminn allr ſkelfr, án kulda, andlitit bloſſar af hita, ſvitinn pípir út, konan kaſtar upp, og rauſt hennar umbreytiz í ſkiálfandi, nýſtandi, og rétt ædiligt, eðr ørvinglunar óp.

Hvad ráða menn af þeßum?

Hveriar umbreytíngar innihelldr þat fiórda tímabil?

2) At móðurmunninn er tilfulls útvíkkaðr.

3) At fornistit springr, og vatnit sem innan í því er, utan um höfuð fóstursins, streymir burt allt í einu.

4) At slímit í móðurskeidinni verðr blóðmengat, hvar af kénur orðtakit um þær er fyrsta sinni fæða, at þær teikni.

5) At hinir ytstu fæðingar limir, ásamt milligarðinum, höfðinu og endaþarminum, taka til at þenjaz, teygjaz og víkkaz út, af fóstrinu, sem þryckir og útspennir þá.

6) At fóstrit umsíðir preßaz niðr í hit neðra op sjálarinnar, og því sýnir fram undan boga íshbeinsins, þángat til þat, ásamt vatni því er eptir var, með hörðu ferð, þýtr út af móðurlífinu.

Merk: 1) Af umbreytíngum þeßum er auðrádit, at nálgaz endir fæðíngarinnar. 2) Þeßi aðgreindu tímabil eru mislaung; hit fyrsta er lengst, og hin önnur eru eptir röð sinni æ styttri og styttri; ecki fylgja tíðar umbreytíngar hver annari

---

Hvat er at ráða af þeßum umbreytíngum?

Í hverju mismuna nefnd tímabil?

Eru þeirra umbreytíngar jafnan reglubundnar?

annari í óregluligum fædingum, ridr því á í hverri fædingu, at athuga þær þeß betr, sem þær ágvarda mismun fædinganna.

§. 53.

Þat fimmta tímabil nær frá enda fædingar, til þeß at fylgian er komin, edr greiddr hagr konunnar. Í þeßu tímabili byria, at afstadinni stundar ró, styttri, vægri og ósárari eptirhrídir, er koma med køstum og vægia á milli, vallda þar at auk 1) nockurskonar hægværi niðurþrýstingu, 2) vhrri spennîngu og útvídkun í hinum samankiprada móðurhálsi, og 3) fylgiunnar láungsamri lausn og færslu nidr í móðurskeidina, hvar vid fædingin er á enda kliád.

§. 54.

Hversu háttat verdi fædingunni, edr hennar útfalli, kémr uppá 1) ásigkomulag þeirra herdu

---

Ridr nockut á at athuga þau?
Hvernin takmarkaz þat fimmta tímabil?
Hverjar umbreytíngar koma þar fyrir?
Hvad gióra eptirhrídirnar?
Uppá hvad kiemr einkanligast útfall fædíngarinnar?

og miſkn fædingar lima. 2) Móðurlíffins hmisliga legu, útvíckun og ſamandrátt í fædinguni. 3) Fóſturſins misjøfnu legu og ſtærd. 4) Hrídanna hmisligleika, og 5) þau margvísligu tilfelli, er í fædingunni kunna uppá at koma. Nefnda fimm póſta byriar náqvæmliga at athuga í øllum fædingum, til at geta dæmt um þeirra áſigkomulag og mismun; ſvo ſem ſídar mun ſhut verda vid hverskyns fædingu út af fyri ſig.

Um

Af hverin má ſierílagi dæma um fædinganna áſigkomulag og mismun?

Um fædingar-hiálp yfir hofut.

§. 55.

Fædingar hiálpin á heima í þvílíkum tilfellum:
1) Hvar fædingin er svo hættusom, at annathvert sú fædandi edr fóstrit kann at bída skada af, sé hún látin ráda sér siálf.
2) Hvar fædingin med sitt eindæmi getr eigi framqvæmz.

§. 56.

Skylda einnar nærkonu er almennt vid allar fædingar at athuga fylgiandi høfudparta, nefn.: 1) Ransóknina, 2) undirbúníngin, og 3) atbúnadinn.

§. 57.

Ransóknin má ganga á undan, og ítrekaz aptr og aptr, bædi í og ámilli hrídanna,

I hvada tilfellum á fædingarhiálpin heima?
Hvad er ein nærkona skyldng at athuga almennt og í ollum fædingum?
Hvenær skal ransóknin fyritakaz?

svo menn af ásigkomulagi 1) móðurlífsins, 2) fóstursins, 3) fædingar veganna, 4) hríðanna, og 5) af þeim sérligu umbreytingum og uppáfallandi tilfellum bædi fyrir og í fædingunni, þeckt sái hina hmisligu atferd og viðburdi fædingarverksins.

§. 58.

Fyrir undirbúninginn skilz hvad eitt, er vera skal á reidum höndum til hægdar og þurftar hinni fædandi, fóstrinu, og yfirsetukonunni sjálfri, bædi í og eptir fædinguna; hér til heyrir:

1) Eitt hentugt fædingar-flet, sæng edr stóll (er tekr nafn af nærkonu, og kallaz yfirsetu-konu-stóll); vera skal þat hvert um sig nógu lángt, sterkt og hátt, med vidspyrnum til fóta, og handgripi edr létta at halda í; sængin er uppbúin med nockurnveginn hardtrodnum dýnum, einkum þar sem miadmirnar skulu hvíla á, of-

---

Hvar til þienar hún?
Hvad skilz fyrir undirbúninginn?
Hvad heyrir til hanns framar?
Hversu skal eitt fædingar flet vera umbúit?

ofan á undirsængina skal fyri rækslu sakir leggia lánga reckiuvod, er hánga skal aptur úr sænginni, svo hún verdi breidd at nedanverdu uppá konuna. 2) Klædnadr konunnar; er vera á léttr og rúmr, hellst um lífit, og ecki of heitr, hún má og vera klædd í hrein nærföt. 3) Fæda hennar; er vera skal þunn, súr og vatnsblöndut, svo sem hafra, bygg, ris-, perlu-, manna-, sago grióna og kirsiberia súpur, med ediki, sýru edr citrónusaft blandadar; eingi megn matr, ecki vín, miod, brennuvín né kaffe. 4) Húsit, er vera skal þósliga heitt, ecki ofbiart, þó svalt, edr þannig, at þar sé friástt og hreint lopt; konunnar sinni og líkama skal, svo sem meguligt er, hallda í róligheitum. 5) Skal sía til, at konan hafi regluligar hægdir til baks og qvidar, sé þat eigi, má henni setia stólpípu, áðr enn höfud barnsins er komit ofan í skálina, skal þarí brúka hafra

---

Hversu skal klædnadr konunnar vera ásigkominn?
Hverrar fædu má hún neyta?
Hvernig skal vera ásigkomit í húsinu?
Er naudsynligt at konan hafi hægdir?
Hvad skal brúka til stólpípunnar?

seydi, nockut af sallti og púdursykri, med litlu af olíu edr smiori, svo endaþarmrinn hreinsiz, og vindarnir fái útgáng; þvagit fær hún látit, kriúpi hún á kné, leggi sig áfram, en yfirsetukona láti sína 2 fingr inní módurskeidina, yti fóstursins hofdi litit uppá vid frá isbeininu, þrýsti þat svo sterkt at blodrunni, at þvagit geti eigi runnit. 6) Þeim sem blódrikar eru, og hafa fullann og sterkann æðaslátt, edr eru allt of vidkvæmar í hrídunum, má slá æd, og láta blæda hér um þriá eda fiora þekoppa. 7) Barnssængin (sú er konan er legd í þá barnit er komit) skal vera slétt og vel upp reidd, þó ei med of heitum rúmfotum, undir línlakit eda reckiuvodina, má leggia stycki af vaxdúki, þycku grófu lérepti edr boldángi, sem tekit getr ámóti raka og slagníngi, svo hin fotin skémmiz ecki þaraf; hér á ofan leggiz tvo eda þriú línlok eda reckiuvodir, svo eitt eptir annat verdi dregit undan konunni, án þess at hreyfa hana mikit í fyrstu; eigi má sængin helldr kold vera þá

Hversu má hiálpa konunni til at láta þvagit?
Hverium má blód taka?
Hvernin skal barnsængin vera uppreidd?

þá konan skal í hana leggiaz, og þegar hún er lögst í hana, skal hallda á henni jafnum temprudum varma, og eptir kringumstædum breida ofan á hana léttann brekáu, edr brúki hún yfirsæng, þá at hita sydrinu edr hrysta þat nidr til fótalags. 8) Bindi eitt til at vefia um qvid og brióst konunnar, medr nockrum þar til tilbúnum urtapofum, skal til reidu hafa, má og þartil nyta eitt handklædi edr líndúk, er sé svo lángt, at tvívafit verdi yfir um lifit, og svo breidt, at nái frá briósti nidr undir miadmir.

Hvad sialfri, nærkonu vidvikr, skal hún: 1) Hafa þriá mest fióra medhiálpendr, einn vid hvert kné konunni, einn vid hofut og herdar, og einn til at rétta at sér hvad hún med þarf. 2) Sialf má hún hafa svo mikit rúm og hægd, at hún, án þess at þvínga sig edr beygia um of, géti framqvæmt þat henni byriar. 3) Skulu neglur hennar vera næmt afskornar; hún má hafa vid hendina ólíu edr ósalltat nytt smior, til at smyria med fingr sína edr hönd,

Hvernin skal lifbindit vera?
Hvad skal nærkona hafa til reidu fyri sialfa sig?

er færaz skal inní móðurskeidina, eðr móðurlíst, einnig hrein línlök og klúta, samt heitt vatn til at þvo sér í, og verma sig, ef henni er kallðt á hendunum.

Handa fóstrinu skal hún hafa til reiðu: 1) Rúm til at taka við því í. 2) Heitt og kallðt vatn, og eitt trog til at þvo og lauga þat í, eðr sé þat veikt, þá at skyra þat úr, ef naudsyn krefr. 3) Eithvað sterklugtandi, svo sem raudann lauk eðr hofuðvatn, at bregða at nosum þeß. 4) Vín, brennuvín eðr öl, til at spyta í munn þeß, og þvo slímit af líkamanum. 5) Nablabandit, hvert hún giörir af fiór- eða sex-földum, jafnþættum, sterkum og grófum þræði, með hnúi á báðum endum, og hér um $\frac{1}{2}$ al. laungum, slík bönd egu at vera þriú eða fiögr við hendina, sé þar fleiri enn eins barns at vænta. 6) Velbitt skiæri breiðoddut, til at klippa sundr nablastrenginn, eptir þat hnúit er at binda fyrir hann.

§. 59.

Hvað helst skal nærkona hafa til reiðu handa fóstrinu?

Hverniu skal nablabandit vera giörðt?

§. 59.

Fyrir adbúnat ſkilz allt þvad nærkona ſkal giora og athafaz; hann er því ýmisligr eptir mismun fædinganna, en yfir höfut at ſegia er hann innifalinn í þeßu eptirfylgiandi:

Medan fædingin yfirſtendr

1) At loſa þau föt, er þreyngia at konunni, ſvo ſem belltit, edr annat er hún hefir um midtit, ſamt hálsklútinn og leggiabendin.

2) At lypta undir knén og lendarnar í hríduñum, hvad bædi má giora yfirſetukonan ſiálf og hennar medhiálpendr.

3) At leggia konuna í réttann tíma hægt og hentugliga í fædingar ſletit, ſvoleidis, at hún liggi lágt med hriggnum, en hátt med lendarnar, og med bakhlutann utarliga á rúms- eda ſtólbrúninni, hún ſkal og kreppa lærin vel upp undir liſit, ſlá vel í ſundur kniánum, vid hver medhiálpendurnir ſtydia, ſpyrna ſkal hún í fótſkerina, og hallda höndunum í létta þann edr þúna, ſem þar til giordir eru á ſtólnum eda ſletinu.

4) At

Hverſu ſkal búa at konunni yfir höfut í fædingunni?

4) At taka í móti barninu, þá þat fæðiz sjálfkrafa, svo þat falli ei á gólf nidr og meidi sig; edr og

5) Med snúninginum at hiálpa því til at fæðaz, kunni þat ei án ørdugleika, edr øllúngis ecki, at ſké sjálfkrafa.

§. 60.

Snúningrinn er innifalinn í því, at smeygia hendinni inní móðurlífit, leita eptir og ná yfir um fætr fóſturſins, svo þat verði á þeim útdregit, í gegnum vegu fæðingarinnar, svo opt sem þat hefir of ſkacka edr ſkadliga legu.

Þetta verk er ei háſkalauſt hverki fyri fóſtrit né móðurina, má því ei gioraz, nema naudſyn krefie, og alldrei byriaz utan med ſtærſtu atgætni.

Yfir höfut má atgæta, at snúningrinn, gioriz hanns þorf, ſé byrjadr á þeim tíma móðurmunninn er ordinn linr, þunnr og opinn, ef eigi

---

Í hverju er snúningrinn innifalinn?

Er þetta verk hættuſamt?

Hvad er yfir höfut atgiætandi þá snúningr ſkal ſkie?

eigi til fulls, þó svo at hendinni verði með lempni smeygt í gegnum hann, án stórs sárinda og sárinda, ádr enn fóstrit er komit ofángt nidr í skálina, og ef møguligt er, ádr enn fornistit er sprúngit.

Adferdin er þessi:

1) Skal konan leggiaz hentugliga í fletit, annathvert á hriggginn, edr, sé módurbotninn kastadr til annarar hverrar hlidar í qvidunni, leggiz hún á þá sídu, hvadan hann er fallinn, knén skulu atskiliaz, og annathvert stydiaz af medhiálpendum, edr milli þeirra er lagdr koddi; beri svo til at fótanna megi leita í módurlífinu fyrir ofan isbeinit, skal sú sem fædir, kriúpa á fiórum fótum, ef henni annars eckert gagnar at liggia á hlidina, sem ádr er sagt.

Nærkona klædir sig nú úr fetum þeim sem eru henni til hindrunar, nemr stadar at framanverdu vid konuna, edr ef hún liggr á hlidina, þá á baka til, standandi edr sitiandi, svo hátt, at hún geti komit sinni útréttu

---

Hvernin skal sú sem ransakaz á, liggia hentugligast?
Hversu skal sú sem ransakar, haga sier á medan?

réttu hendi í gegnum fædingar vegina, án þess at beygja edr vinda sig vid.

Medhiálpendurnir stydia undir kné og herdar konunni, svo hún liggi kyrr, medan þessum starfa framfer.

2) Ransakar nærkona náqvæmliga þann part barnsins, er horfir at fædingar stadnum, svo hún þar af áskynia verdi, hverinmegin hún best geti inn komit hendinni at briósti og qvidi barnsins, hvar hún skal reyna til at ná fótunum, sem vanaligast liggia í fyrir á fóstrinu.

3) Þegar hún hefir til þessa verks útvalit þá hönd, er henni þykir haganligust partil, smyr hún hana med olíu edr ósellnudu smiori, smeygir svo einum fingri eptir annann inní op módurskeidarinnar, med vareygd, þannig, at allir fingra gómarnir, þá þeir inn

---

Hvad skulu medhiálpendr giøra?

Hvad er þat sem nærkona allra fyrst á at ransaka?

Hvad skal giøra vid hendina ádur byriut er ransóknin?

Med hverri atferd skal fyrst færa hendina inní módurskeidina?

inn eru komnir, leggiz svo þétt til samans, at hin fram-mióa hønd verði síðan með hægð lidkut inní móðurskeidina allt upp til móðurmunnans.

4) Á sama hátt færir hún hina samanløgðu hønd með mestu hægð og varúð inní móðurmunnann, glennir svo hægt og hægt í sundur fingurnar, at munninn opniz svo mikit, at hinni fløtu hønd verði með lempni komit þar í gegnum, upp á milli belgsins og móðurlíffins, allt at úlflið, þó skal varaz, at rønd móðurmunnans strengiz eigi of mieg vegna of hastarligra átekta, né forniftit sprýngi, en sé þat sprúngit, þá færiz hønd-in beinleidis inn til fóstursins.

5) Þegar allri hendinni er innkomit í móð-urlífit, má hún eigi færaz lengra upp eptir, milli belgsins og móðurlíffins, at eigi losiz móðurkakan; sé nú forniftit ecki alla-

---

Þá þángat er komit, hvernin skal færa hana inní móðurlífit?

Þá høndin er øll innkomin í móðurlífit, má þá færa hana lengra upp?

Sie forniftit heilt, hvað skal þá giøra?

allareidu sprúngit, spreyngia menn þat þannig, at þegar hríðirnar spenna og þenia þat út sem harda blödru, er borat fingrinum med afli inní hana, ellegar hún er rifin í sundr med neglunum, þegar hún linaz á milli hríðanna.

6) Undir eins og vatnit rennr burt, færa menn hendina fliótt uppí móðurlífit til fósturfins, svo handleggrinn teppi edr hindri vatnit at renna út allt í einu; eptir þetta ransakar nærkona nágvæmliga fósturfins legu, svo hún dæma kunni, hvert barnsins fyrirhluti snýr, og hversu hún hægast sái komit sinni flötu hendi upp med qvid barnsins, og fundit þess fætr.

7) Milli hríðanna midar hún smásaman lófanum upp eptir barninu at framanverðu, allt upp fyri handleggina og naflastrenginn, þó áu þess at handleggirnir og nafla-

---

Hver er atferdin at spreyngia þat?

Sie þat sprúngit, og vatnit renni, hvad skal þá giora?

Hvad skal nú ransaka framvegis?

Hvernin skal fara at leita eptir fótum barnsins?

nablaſtrengrinn ḫaggiz, edr dragiz nidr milli fóta barnſins; þar eptir fylgir hún lærunum og kniánum allt til fótanna, ḫveria ḫún á ḫælum og eklum beſt þeckir frá ḫendunum.

8) At því búnu tekr hún yfir um báda miðaleggina, lætr einn eda tvo miðfingr ſína milli fótleggianna, hinum ſpennir hún um eklana, ſvo ḫún þeß betri ḫandfeſtu nái á þeßum ḫálu og ſleipu limum, dregr ſvo fæturnar inná vid at qvidnum, og ſídan lángſetis ofan med barninu at framanverdu, ſvo kropprinn allr, er eigi lætr ſig ſvegia til baka, ſnúiz upp á vid, og bádir fæturnir verdi undir eins dregnir út í gegnum módurmunnann.

9) Þegar vatnit fyri laungu er útrunnit, og módurlífit ḫefir ſterkt dregit ſig ſaman utan um fóſtrit, þá geta menn ecki ætíd nád fótunum, því ſídr dregit þá báda út í einu, komi þetta uppá, tekr nærkona um lærit,

---

Med hverju móti ſkal ná fótunum?
Er jafnan hægt at ná fótunum?
Þegar þat ecki verdr, ḫvad ſkal þá gióra?

leitaz vid at ſmeygia einum fingri undir knéd inni knésbótina, og dregr ſvo til ſín; ſtrax og knéd er komit fyri módurmunnann, er því midat fram hiá honum, ſvo fótrinn geti fyrſt í gegnum hann komiz. Finniz eigi nema annar fótrinn, má snúa barninu uppá vid, med því móti, at toga einúngis henna fót til ſín, og færa hann fyrſt nidr í módurſkeidina, en ecki lengra, fyrr enn sá annar er fundinn. Verdi ei fóſtrinu snúit vid í módurlífinu, med því at toga einúngis í annann fótinn, ſkal þá taka eina léreptz rýu eda reim, bregda á hana kappmellu (bleypi-lyckiu), er dregin verdr saman, færa ſvo lyckiu þeßa upp til hinns ſundna fóts, bregda henni yfir um miöaleggínn, og láta einn medhiálpenda halda ſtrídt í hinn úthángandi enda, medan leitat er

---

Þegar annar fótrinn finnz, hvernin ſkal fara med hann?

Þegar togat er einúngis í þann eina fót, en fóſtrit vill ei snúaz í módurlífinu, hvernig ſkal þá at fara?

er at hinum fætinum. Hinn fótrinn finnz, ef nærkona med lófanum strýkr upp eptir endilaungum fæti þeim og læri, sem ádr er fundit, at innanverdu, allt frá stóru tá, er gefr innanfótar sídu til kynna, og upp til blygdunarlims á barninu, þadan þvers yfir á hitt lærit, og fylgir því svo ofan at knè, og þadan nidreptir endilaungum leggnum útan fótar, allt nidr at jarka; hér næst færir hún þenna fót inná vid, og nidr á móts vid þann ádur fundna fót, svo þeir bádir í einu verdi dregnir í gegnum módurmunnann, nidr í módurskeidina.

En ef hofudit, edr annar limr fósturfins liggr svo fast nidr vid skálina, at yfirsetu-kona, vegna þess tédum lim verdr ei hitt til sídu, getr ómoguliga fengit kroppinn útdregit, þó hún togi nidr fæturnar; þá má hún bregda bandi um bádar fæturnar, og hallda strídt í þat med einni hendi utan fyri fædingarstadnum, medann hún med

 hinni

Hvernin skal leita at hinum fætinum?

En ef hofudit edr annat teppir fyri, svo kroppr-inn verdr ei útdreginn, hvad skal þá gjora?

hinni annari, hverri sem hentugri sýniz til at smeygia inní móðurskeidina, med lempni leitaz við, at skióta hofdinu úr skálinni upp at móðurbotninum, áðr enn hún med valldi dregr fæturna lengra fram.

10) Pegar náð er báðum fótunum, og þeir verða útdregnir án hindrunar, tekr yfirsetukona yfir um báða sklana, eins og fyrr er sagt, svoleiðis, at hælarnir liggi í lófanum, dregr þá svo út úr fæðingarstadnum.

11) Pegar fæturnir eru útdregnir, skal vefja um þá smágerdum, heitum og þurrum líndúk, til at halldа þeim því fastari, nærkona tekr utan um þá sem fyrr, ofanverdt við sklana, og dregr síðan lengra fram, allt at kniánum.

12) Undir eins og knén eru komin í liós, sveypar hún þau á sama hátt med klúti, svo hún med hinni hendinni geti einneginn

um

Pegar fótunum er náð, hvernin skal þá útdraga?

Pegar fæturnir eru út dregnir, hvernin skal svo med þá fara?

Pegar knien eru komin í liós, hvernin ber nærkona sig þá til verks?

um þau halldit, dregr síðan fóstrit út með báðum höndum, allt jafnt ofan á við á móti milligarðinum og jörðunni, þángat til dauðinn er kominn í móðurskeiðarinnar útgáng.

13) Fyrr enn hún nú dregr fóstrit lengra út, skal hún giæta at:

a) Hvert nablastrengrinn liggr ámilli læranna, sé svo, má hún draga hann svo lángt út með fingrum sínum, at hún fái greidt lærit af þeim hanns parti, er liggr til móðurkökunnar, hta honum svo til þeirrar síðu skálarinnar, hvar hann minst klemmiz eðr þryckiz. Liggi hann ei milli læranna, má hún þó ransaka, hvert hann strengiz ei ofmiog upp með kroppi barnsins, og þeßvegna liggi við sjálft, at hann slitni við nablastaðinn; hvað hún hindrat

---

Þegar dauðinn er kominn í útgáng móðurskeiðarinnar, hvað er þá framar at merkia?

Liggi nablastrengrinn milli læranna á barninu, hvernig skal þá at fara?

En ef hann strengiz of miog milli kroppsins og móðurskeiðarinnar, hvað skal þá gióra?

getr med því móti, at draga nockut af honum med tveim fingrum nidr, og út fyri fædingarstadinn.

b) Skal hún og, ádr meira kémr í lióss, gefa gætur at, hversu barnsins kroppr liggi. Snúi lifit at isbeininu, má ei draga kroppinn út rétt áfram, svo at hakan ecki á síðan festiz undir boga isbeinsins, er hofudit skal dragaz gegnum skálina; helldr má í tíma snúa kroppnum vid svoleidis, at qvidrinn snúi nidr at því helga beini. Þat sama ber og at athuga fyrr enn fóstrit sé útdregit, liggi þat á adra hveria hlidina.

14) Þeßveena færir nækona linklútinn svo hátt uppá miadmir barnsins, sem hún getr, leggr adra hendina flata á qvid fósturins, og út yfir adra miodmina, hina leggr hún á þeß lendar, og út yfir hina miodmina, svoleidis: at bádar hendurnar spenni greipar, síðan snýr hún kroppnum vid milli hríd-

anna,

Hvers vegna, þarf at snúa barninu vid, þegar qvidr þeß snýr at isbeininu?

Hvernin er farit at því?

anna, til þeirrar hlidar, er hann mest hallaz til, allt þar til dauſinn og hælarnir ſnúa vel upp, og fóſtrit liggr á grúfu, og ſnýr audlitinu aptur.

15) Þegar búit er at ſnúa vid barninu, vefr hún því ádurſagda línklædi um þeſs miadmir, tekr um þær med hádum hendum, leggr þumalfingurnar jafnſídis og lángſetis á leudarnar, lidkar ſvo barnſins líkama til og frá, og dregr hann til ſín, þó allt af ofan á vid, til þeſs hann í einu er útdreginn upp at herdum.

16) Þar næſt leitaz hún vid at ná út handleggiunum, ádr enn hofudit er komit ofan í ſkálina, í hverri meining hún hýr kroppi barnſins til annarar hlidar at læri konunnar, ſvo hún fái rúm til at koma viſifingrinum og lanngutaunginni med vareygd inní módurſkeidina, til þeſs handleggſins, ſem liggr nedar, og nær endaþarminum,

---

Þegar barninu er ſnúit á grúfu, hvernin ſkal ſig þá framar bera til verks?

Þá barnit er útdregit allt at herdum, hvad er þá fyrſt at giora?

eptir hverium endilaungum hún færir sína tvo fingr yfir albogann, allt at fram-handlegg; og

1) Liggi þá handleggrinn upp med höfdinu, beygir hún fram-handlegginn, eptir sinni náttúrligu bugdu, innyfir andlit og bríóst barnsins, og færir hann svo igegnum módurskeidina; strax sem annar handleggrinn er kominn í liós, htir hún kroppnum yfir til hinnar hlidarinnar, svo hún fái rúm til at ná hinum handleggnum med sömu atferd.

2) En liggi handleggirnir í kroß aptr fyri hnackann, edr undir höfudinu, þá má framhandleggrinn einneginn beygiaz ofan á síduna, og á sama hátt lidkaz nidr eptir.

17) Adur enn höfudit er dregit út, má yfirsetu-konan náqvæmliga ransaka þeß sérligu legu.

a) Hvert

Med hverri atferd skal ná út handleggiunum, liggi þeir upp med höfdinu, edur í kroß bak vid hnackann?

Hvad er atgætandi ádr enn höfudit er útdregit?

α) Hvert þeß mesta lengd liggi í stærstu vídd skálarinnar, og andlitit snúi til baka í annathvert vikit: Ef svo er, grípr yfirsetu-kona med flatri hendi um herdar barnsins, svoleidis; at hálsinn liggi í milli hennar tveggia lengstu fingra, en hinir gángi ofan undir axlirnar, kroppnum helldr hún sjálf, edr einn af medhjálpendum, svoleidis, at hann horfi beint út, en haggiz ei til hit minsta, því nærst færir hún inn tvo fingr hinnar annarar handarinnar, upp med barnsins briósti, inná módurskeidina og módurlífit, allt til andlitsins, leggr þær kringum nasirnar (ecki í munninn), og med þeßu móti hýr hökunni og andlitinu nidr at briósti-inu, og snyr því edr þokar um leid nidr at bugdu þeß helga beins. Strax at þeßari vidréttingu höfudsins fullgiordri, lyptir hún og þokar barnsins líkama uppá vid at qvid konunnar, og undir eins þrýstir hún hökunni at brióstinu,

α) Þegar höfudit liggr riett eptir hinni stærstu vídd skálarinnar, hversu er þat þá útdregit?

med fingrum þeim hún ennnú hefir inní móðurlífinu, og í þessari sömu stefnu er höfuðit dregit kringum bogann undir ísbeinit, svoleiðis at andlitit komi fyrst í lióss, án þess at skaðiz milligardrinn.

β) Skyldi hnackinn vera siginn oflángt nidrí skálina at framanverdu, og hakan standa fast vid kroßbeinsins gnýpu; svo má medhiálparinn hallda kroppnum beint út frá fædingarstadnum; yfirsetu-konan færir þá, eins og fyrr, adra hönd sína inn med brióstinu, at hún geti lagt tvo fingr kringum nefit og munninn; tvo fingr hinnar handarinnar færir hún upp undir ísbeinit allt til hnacka barnsins, þryckir svo bakhöfdinu frá sér, undir eins og hún med fingrum þeim, er hún lagdi kringum nefit, leitaz vid at snúa andlitinu í annathvert vik skálarinnar, og þrýstir höfdinu at brióstinu, strax sem hún er komin í vikit; at búinni þessari lagfæring, skal medhiálparinn lypta kroppnum upp á vid, og med sama

---

Skyldi hakan standa fast á kroßbeinsins gnýpu, og þannig gióra móttstödu, hvernin skal þat leidriettaz?

sama móti, og rádit var í næst teldu tilfelli, draga barnit út.

γ) Hafi hofudit eigi snúiz undir eins edr jafnframt kroppnum, en andlitit snúi at boga ísbeinsins, at þeßvegna standi á hokunni, svo tekr nærkona med sínu þurru línklædi um brióstit, og hlýr því hægt uppí skálina, at botni módurlífsins, því næst lyptir medhiálpari undir kroppinn og beygir hann upp at qvid konunnar, medan yfirsetukona færir sem lempiligast flata hendina inní módurskeidina, og nær um bakhofudit, hverju hún snýr vid, undir eins og kroppnum, þannig, at andlitit og fyrihluti fósturshis, snúi til annarar sídu skálarinnar, sídan færiz andlitit nidr í bugdu hins helga beins, og fædingin fullgioriz, eptir því sem ádr er áviſat.

§. 61.

Eptir fædinguna er atbúnadrinn, í tilliti til fósturshis, innifalinn:

1) Fram-

En standi hún á ísbeinsins boga, hvad er þar vid at giora?

Hvad á nærkona at giora vid barnit eptir fædinguna?

1) Framar ollu í því, at endurnæra fóstrit, sé þat veikt, og hverki hljódi, edr gefi annat teikn til lífs af sér. Sé þat þá bleikt í andlitinu, og máttþrota, þá undandregr nærkona at skilia á milli, svo lengi módurkakan losnar ecki, og ennú finnz slátr slagædanna í nablastrengnum. En á medan leitaz hún vid, at ná slími því med fingrunum, sem er í hálsi barnsins, þrýsta þess nösum saman og blása inní þess munn, lypta brióstinu hægt upp, edr reisa barnit at framan, og láta þat detta skyndiliga nidr, núa kroppinn hægt at utan med verndum línklút, ikringum hiartat, um hrigginn og undir ylinnum; bregda einhverju sterklyktandi, svo sem hvítum lauki, en ecki brennusteins spítum, fyri vitin; lauga þat í vatni svo heitu, sem þat þolir, hvarí er blandat víni edr brennuvíni, setia því stólpípu annathvert af sápu edr sallti, uppleystu í vatni, ellegar af tóbaks seydi; sé hösudit marit edr haſi komiz vid, lagfæriz þat med jafnri þrýckingu; sé barnit

---

Sie þat veikt eda líflítit, hvernin skal þat endurnæra?

barnit þarámót svart og blátt edr marit í andlitinu, skilr nærkona milli á veniuligum stad, en bindr eigi fyrir, fyrr enn koppkorn af blódi er útrunninn, þar eptir brúkar hún þau ádurtøldu hiálparmedøl.

2) Þegar fóstrit er ordit lifligt, má binda fyrir nablann: brúkaz þar til nablabandit, sem vafit er um strenginn 3svar eda 4rum sinnum, þriggia eda fiogra fingra breidt frá lífinu, med tveimr knútum, sídan klippiz strengrinn med skærum 1 þuml. fyri framan bandit. Þeir feitu strengir megu bindaz þéttar enn hinir blódriku.

3) Síd-

Hvenær má eitt nýfædt barn miþa blód, og hvernin skiedr sú blódtaka?

Hvad lengi má bída at skilia á milli hiá lifllitlu barni?

Hvar á at binda um nablann, og hvad opt er bandinu um vafit?

Hvar á at skilia ámilli?

Er nockr mismunr á nablastrengium í tilliti til, hvernin um þá skal bindaz?

3) Síðan laugaz hit seiga slím af barnsins líkama, með heitu vatni, og sápu eda víni, at undantekinum skilníngarvitunum, er vaktaz megu fyri sápunni og vatninu; nockrir brúka olíu, þá líkaminn er mjög svo grómtekinn af slími.

4) Í sama vetfángi er eptirséð, hvert barnit hefir sínar náttúrligu opnanir og hægdir til baksins, getr látit vatnit, lokit upp augum og munni, hvert þat er ei beinbrotit, ofskapat, edr skaddat, hvert þat hefir opin eyrun, túnguhapt, edr adra limu ónáttúrliga samangróna.

5) At því búnu, er barnit reifat; skal þá kreysta litit nablastrenginn, svo menn sjái hvert blædir, vefia hann í klút vættum í olíu, edr ósöltudu smjöri, leggia síðan upp á bringuna, og kompreßu á ofan, binda svo yfirum alltsamann med nablabindinu; hausamótin skal og þekia med dulu nockurri; barnit

---

Hvad er at þessu búnu vid barnit at gjöra?
Í hverju, og hvernin skal lauga þat?
Hvad skal jafnframt atgiæta á medan?
Hvernin skal búa um nablastrenginn ádr reifat er?

barnit er síðan reisat uppá almennt brúkanligann hátt. Yfirsetu-konan má og jafnaðarliga fyrst framan af vitia um barnsins nabla, þar til stúfrinn er dottinn í burtu, at eigi slitni hann af of snemma, vegna óatgætnis, þegar hann er farinn at skorpna, og blódráðin taki sig upp á ný; öll onnur umsorgun barnsins er foreldrunum á hendur falin.

§. 62.

Í tilliti til konunnar, eptir fædinguna, ber nærkona umsorgun fyrir:

1) At hún komiz vel frá sylgiunni, edr hennar hagr greidiz vel; hvad opt skedr sialfkrafa, af náttúrunnar egin hiálp, þegar móðurkakan er fóst, en hvergi lans ordin, og eingi teikn eru til blódláta, heldr at móðurlífit dregr sig saman, og med nýum eptirhríðum útdrífr sylgiuna; en séu teikn til blóð-

---

Fyri hverju hefir nærkona at bera umhyggiu vidvikiandi konunni, eptir fædinguna?

Med hvada skilyrdi má sylgian yfirlátaz náttúrunni til útfærslu?

blódláta, og kakan losnut frá, þá má ei láta hana kyrra, til þess hún sialfkrafa kémr. Menn geta og med kunst tekit fylgiuna, svo fliótt sem finnz á qvidnum, at módurbotninn dregr sig vel saman, og ei eru fleiri fóstur eptir í módurlifinu. Þat skédr svoleidis, at nærkona vefr strengnum um tvo fingr á einni hendi sér, og med annari togar hann ofan á móti at milligardinum, hristir hann til og frá, þángat til módurkakan losnar og fylgir med; en ef módurkakan er fastari enn svo, þá má ei toga of fast, at hverki slitni strengrinn, sem hægliga ské kann, sé hann miór, edr allareidu farinn at rotna, né botn módurlissins dragiz nidr, hvar af hægliga orsakaz sina drættir, og jafnvel sialfr daudinn; helldr skal yfirsetukona í þessu tilfelli, smeygia hendi sinni inní módurlifit, fylgia strengnum allt upp til módurkokunnar, þreifa med fingrunum allt umkring rend hennar, til at finna, hvert hún sé nockurstadar laus,

---

Hvernin verdr fylgian tekin med kunst, og hvad er þar vid athugandi.

Sie hún alldeilis fost, hvad skal þá tilgiora?

laus, sé hún laus einhverstadar, smeygir hún einum edr tveimr fingrum þar inn, hvar kakan er laus frá móðurlífinu, og flisiar svo med hægd brún hennar allt umkring frá móðurlífinu, hvar hún er festust vid, togar undir eins í strenginn, og dregr svo út: En sé hún hvergi laus, má hún á sama hátt, leitaz vid med fingra endunum at narta hana frá.

Hafi hún tógat svo fast í strenginn, at hrikti í, edr hann slitni, má hún einnig fara inn med hendina í móðurlífit, leita at brún móðurkökunnar, flisa hana frá, og taka hana út med hendinni þegar hún er losnut. Hér eptir skal hún skoda fylginna, hvert hún er heil, edr eptir eru af henni edr belgnum tyrinr í móðurlífinu, at hún strax, ef svo er, geti tekit þær út. Hafi móðurhálsinn lykt sig saman, og fylgian

---

Hafi nablastrengrinn slitnat, hvernin skal þá at fara?

Þegar fylgian er tekin, hvad er þá framar at yfirvega?

Hafi móðurhálsinn lokit sig, en fylgian sie eptir, hvad skal þá gjora?

sé eptir, skal ei at nýu fara inn með hendina til at taka hana, heldr fela þat verk sjálfri náttúrunni, nema teiku sjáiz til vofeiflígra blóðláta.

Merk: At láta hina fædandi blása í hendur sier, hósta edr rembaz, notar ecki; og at þrýsta edr klappa á lífit, til at losa fylgiuna, er miog hættuligt.

2) At Fædingarstadrinn sé yfirbreiddr með volgum samanlegdum líndúk, til at bægia hinn kalda lopti frá, at leggia at honum.

3) At bundit sé um lífit, þegar þurfa þykir; er þat giort með einu þar til legudu bindi, sem er svo breidt, at þat nær frá briósti ofan á miádmir, og er dregit saman edr hert í sama jefnudi, edr eptir því, sem lífit siatnar, at þeß partar hafi jafnann stuðning, þó án þeß at meriaz edr kreystaz; sumir brúka einn hálstrefil eda annat miótt band, og reira um qvidinn, en þvílíkt er æfid skadligt.

Þ. ßi

Hver sumur kellingaráð eru brúkut til at losa fylgiuna, og eru þau ráðlig?

Hvernin skal búa um fædingarstadinn?

Hvernin og með hverju er bundit um qvidinn?

Þeßi umbinding gierir einkum gagn í miklum blódlátum, en ſkadar, ef qvidrinn af bólgu eptir hardar fædingar, er aumr og uppþútinn.

4) At henni luckuliga verdi komit uppí rúmit, og hún hægt legd endilaung á bakit, med þunnri yfirdynu edr brekáni ofan á sér, at hún komi í hægann jafnann dampa, en ei sterkann svita.

Eigi má hún flytiaz of fliótt í rúmit, þá hún er ormagna af fædingar erfidinu; því sé hún midr lémegna og kold, hafi svima, sudu fyrir eyrum, og henni hafi sortnat fyrir augum, þolir hún eigi strax at láta flytia sig.

Þegar hún ſkal flytiaz, verdr at herda á lífbindinu; ecki má hún sjálf standa upp, enn fídr gánga at rúminu, helldr verdr at bera hana, og ſkal einn taka undir midtit,

---

Hvada gagn gierir sá umvafningr?
Er hann jafnan nytsamligr?
Hvenær má óhult flytia konuna í barnsængina?
Med hvada varatekt ſkal þetta ſkie?

og annar undir fæturnar. Hafi hún um þat leiti hroll- eðr kolldu - umleitanir, má ei gefa henni rínskt vín eðr annat þeßkyns, til at hita sér á, heldr einhverja af áður-nefndum súpum, blandada med citrónusaft eda ediki; bindinu verdr og at halda þétt um lífit, til þess tédar umleitanir eru af lidnar.

Um

Hvat skal gefa henni til endurnæringar ef hún finnr til kulldahrolls?

Um þá fullkomnu fædingu.

§. 63.

Hina orduligustu almenniligustu og fullgiordustu fædingu ber jafnan ad seinast í þeirri fertugustu viku barnburdarins; byrjar, framfer, og fullendaz hún af eginn ramleik, med fullkomnum fædingar hrídum, án annarligrar tilhiálpar, og hefir alldrei í ferd med sér nockurt óumflyjanligt fár fyri módurina edr barnit.

§. 64.

Þvílíkt fædingarverk þeckiz:

a) Af fædingarpartanna rétta jafnudi, nl.:

1) At módurlífit hefir sína orduligu legu og útvídkun; þannig, at qvídrinn, nú þegar konan er rétt kominn at falli, stendr

Hvernin er sú orduligasta og fullkomnasta fæding?
Hvar af þeckiz þessi fæding?
Í hverju er fædingarpartanna rietti jafnudr innifalinn?
Hvernin gefr módurlífit fædingarinnar fullgiæleika til kynna?

fram sem hnottótt hædarkorn, rétt fyri nedan nablann. At móðurhálsinn finnz kúluvaxinn, þunnr og jafnt útvídkaður hvervetna. Móðurmunninn snýr midt ofan í skálina, lítit aptr á vid, móti því heilaga beini. Af þessum eiginligleikum má ráda, at móðurlífsins verkun ætlar at ské rétt nidr eptir skálarinnar midlínu, og at nedri hluti móðurlífsins, þá hann er ordinn mýktr og úthynntr, vill eingri óveninligri mótstödu vallda.

2) At fóstrit hefir sína tilhlídiliga legu og stærd, og finnz þá í gegnum hinn þynnta móðurlífsins nedri hluta, sem einn hardr kúluvaxinn líkami, er alldeilis fyllir út þat efra op skálarinnar, og er ásamt móðurlífsins nedri hluta nockut nidr síginn, og liggr þúngt í opi skálarinnar; hér af er at ráda, at höfudit beri at, og stærdin svari svo til skálarinnar ops, at eingi torveld mótstada sýniz í vændum.

3) At

Hve fiez á fóstrinu, at fædingin muni verda fullkomin?

3) At skálin hefir sína réttu lögun og vídd, og þeir blautu fædingar vegir sitt náttúrligt ásigkomulag; því þeßir giora annars hina merkiligustu mótstödu í fædingunum; en þegar skálin er vel lögud, ráda menn, at þar sé nóg rúm fyri fóstrit, og at hinir vel lögudu miúku partar láti sig lidugliga útvídka.

b) Af þeim umbreytingum, er ské sérdeilisliga í þ.ßum fædingum, uefniliga:

Í því fyrsta timabili ské þær sidvanaligu umbreytingar orduliga og skilmerkiliga (§. 49.).

Í því ödru timabili 1) umbreytaz fyrirvara-hrídirnar til orduligra og fullkominna fædingarhrída (§. 47.), sem byria med sterkari,

---

Hvernin siez þat á skálinni, og þeim blautu fædingar vegum?

Hvernin gefa umbreytingarnar í fædingarinnar fyrsta timabili tilkynna, at hennar byriun sie fullkomlig?

Hve má af umbreytingum annars timabils, af hrídunum, módurmunnanum, og belgnum, ráda fullkomna fæding í vændum?

sárari og hvídufyllri spenningum frá nabla, leida nidr yfir lendar, og endaz í skálinni, fara vaxandi í einni skírligri, víßri og tilhlídiligri ordu, bædi at hastarligleika, lángvaranligleika, styrk og sárri preyngsla tilfinningu. 2) Módurmunnans varir peniaz jafnt, og eins mikit hvervetna, í hrídunum, og módurmunninn opnar sig jafnan kringlóttr. 3) Fornistit belgiz út rétt kringlótt, verdr því vídara og vídara utan til, sem módurmunninn í hrídunum útvídkaz meir og meir. 4) Hofudit samanpreßaz, og par vid lengiz, í efra opi skálarinnar, og skýtz á snid nidr eptir, svo ennit og andlitit liggia í ødru hverin viki því, sem eru til hlida vid kroßbeinsins gnýpu; bakhofudit snýr á móti því rétt yfirfyri liggiandi lífbeini; píluſaumrinn finnz liggia á ská yfir módurmunnanum, hvar skálin er vídust; og

---

Hvernig skal hofudit gánga gegnum efra opit?
Hvernin á ennit og andlitit at liggia?
Hvernin bakhofudit?
Hvar finnz píluſaumrinn á?
En þat fremra hanſamót?

þat fremra hausamót finnz baka til, mótsvid þat vik, er andlitit snýr til.

Merk: 1) Þessi sierliga og gagnvænliga lega, er hofudit fær í hinu efra opi, kiemr af kroßbeinsins framstandandi gnýpu, sem stýrir ennis-kúpunni til hlidar yfir í hina stærstu vídd; hversvegna hofudsins stærsta lengd kiemr til at svara þeß efra ops stærstu vídd, og hofudsins minsta breidd at liggia í opsins minstu vídd.

2) Af þessum undangángandi umbreytíngum þeckiz, at byrdin fædíngarinnar er fullkomlig.

Í því þridia tímabili, 1) aukaz hríd-irnar í ádur byriadri ordu, og fædíngar erfidit verr, þannig sem í §. 51. er greint. 2) Módurmunnans randir edr varir þynnaz og vídkaz, jafnt út, nema framanvert undir

---

Hvad orsakar þessa haggvæma legu?

Hverju veldr þessi lega?

Hvernin gefa umbreytíngar fædíngarinnar 2rs tímabils tilkynna, at hún fullkomliga framgángi?

Hverja umbreytíng taka hrídirnir í því 3ja tímabili?

Hvernin verdr módurmunninn?

lífbeininu, hvar þær eru nockut þyckri enn annarstadar. 5) Forniſtit er alltaf kyrrt utan fyri móðurmunnanum. 4) Bakhofudit niðurpreßaz ſigandi úr því efra opi, niðr eptir feßbeinanna ſnidhollu flötum, framad og undir boga ísbeinſins; ſvo at framhofudit, ásamt hinu fremra hausamóti og pílufaumunum, liggia lángs med bugdunni á því heilaga beini, þat aptara hausamót finnz fyrir innan milligardinn, ſnýr þar ámóti dausbeininu, en vínkilſaumrinn upp á móti lífbeinunum.

Merk: Vid þeßa haganligu umbreytíngu á hofudſins legu, kiemr þeß ſtærſta lengd at nýu til at ſvara hins nedra ops ſtærſtu vídáttu, og hofudſins breidd til ſkálarinnar nedra ops minnſtu vídáttu, hverſvegna fædíngin verdr, í tilliti til fóſturſins útgaungu af ſkálinni, ſvo miog liettari.

2) Á þeßum ſtrax tóldu umbreytíngum, þeckia menn fædíngarinnar fullkomna framgáng.

Í því

Hverſu hagar forniſtit ſier?

Í hvada ſtefnu ſígr hofudit nidr í gegnum ſjálft opit?

Hverſu liggr pílufaumrinn, og fremra hausamótit?

Hvar finnz vínkilſaumrinn og aptara hausamótit?

Hverin velldr þeßi haggvæma lega?

Hvad gefa allar þeßar umbreytíngar tilkynna?

Í því fiórda tímabili 1) byria hinar skiálfandi hridir, ásamt fædingar erfidisins ópolanliga strángleika. 2) Móðurmunninn er olldúngis útsléttr, og hiá þeim sem fyrsta sinni fæda, kémr teikníngin (§. 52.). 3) Himnurnar sprýnga. 4) Þeir ytstu fædingarlimir útþeniaz hvervetna. 5) Bakhøfudit hýtiz fram og upp undan boga ísbeinsins, framhøfudit útþenr milligardinn, og barnit skýtz út med andlitit ganandi úti loptit.

Merk: 1) Þessi sierliga stefna sem høfudit fær í útgaungunni, orsakaz af bugdu þess helga beins; af því hnackinn er svo fastr undir ísbeinsins boga; af þeirra útþøndu fædingarlima og dausbeinsins spennikraft fulln mótstøðu og stiórn upp á vid móti boga ísbeinsins. 2) Í þessu tímabili gefa umgetnar umbreytíngar til kynna, at fædíngin fullkomliga fullendaz.

Í því

Hvad skiedr í hinu 4da tímabili, þegar allt fer at skopum?

Hvernin liggr høfudit, í því þat kiemr út?

Hversvegna skýriz høfudit uppá sagdann máta?

Hvad gefr þetta til kynna?

Í því fimmta tímabili ſké þær ſídvanaligu umbreytíngar (§. 53.), nema módurkakan ſé ádr lans ordin í fædíngunni.

§. 65.

Fyrir után þær almennu fædíngar orſakir (§. 41.), gefaz einnig adrar auka orſakir, er giora þeßa fædíngu fullkomnari enn hinar, nefn.:

Módurlíſit og fóſtrit verka orduliga í þeßari fædíngu: 1) Vegna þeß at módurliſſins og fóſturſins lega ſvara til ſkálarinnar midpúnkts, ſvo fóſtrit þeßvegna færiz jafnan lódrétt nidr á mót midiu hennar, og verkar med øllu afli á módurmunnann, án þeß at ſteyta á, edur óregluliga hindraz af bermum ſkálarinnar. 2) Módurliſſins nedri hluti er tilbæriliga útvídkadr, mýktr og þynntr um medgaungutímann, lætr þeßvegna lid-

---

Hverſu gengr í hinu 5ta tímabili, þá allt er ſem ber?

Hverjar eru ſierligar orſakir hinnar orduligu og fullkomnu fædíngar?

Vegna hvers verka módurlíſit og fóſtrit ſvo orduliga?

lidugar undan í fædingunni, er á tilhlýdiligri tíd innfellr (§ 63.). 3) Verkunin og samkiprunin í módurlífinu fara ávallt vaxandi, þar þeß gagnþynnti nedri hluti lætr svo líduglíga undan; og svo sem þvílíkt sfédr frá módurbotnsins midpúnkti, er liggr midt ofan yfir skálinni, jafnþúngt á módurlífs munnanum hvervetna, eins líka samanverpiz módurmunninn allt umkring, og orsakar því orduligri og sterkari piáning, er ordugliga vex til jafns med spenníngunni, vellr lengra nidrihalldi andardráttarins, og þar á eptir fylgiandi kreptugri preyngíngu, og nidurþrýstíngu. 4) Fóstrit, sem er fullburda á réttum medgaungutíma, hefir sína tilbæriligu stærd, og ber þar at auk ad á hofdinu, sem er hinn ávalasti partr þeß, og snýr nidur ámóti módurmunnanum og fædingar veginum, en af því dansinn þarámót, med fótunum, krepptum upp undir lífit, er breidari, unmáls stærri, og snýr upp ámóti módurlífsins botni; svo verkar fóstrit med sinni fram-miðu keilu-myndudu lögun og stærd med þeß nægiligri krapti, og allri sinni þyngd uppá þá undir lögdu miúku limi, og opnar þá þeß léttiligar.

Mót-

Mótstadan yfirvinz léttiligar í þessari fæðingu: 1) Af því á **móðurmunnann**, sem áðr er þyntr, en hefir eingann undirstuðning, mæðir alls móðurlífsins, fóstursins og vatnsins fullkomin verkan. 2) **Skálarinnar efsta ops mótstaða** verðr fyrr yfirunnin, bæði af því þat hefir réttann jøfnuð í vídd sinni og lögun, og líka af **höfudsins sérligu legu á ská**, og þess tilbæriligu stærð, er svarar til skálarinnar ummáls, svo þat orduliga kann at þryckiaz saman, og midaz niðr í holit. 3) **Mótstada sú**, er **skálarinnar neðsta op** giørir, yfirvinnz fliótar, af því høfudit er áðr saman þrýckt í hinu efra opi; þess **lega** svarar til opsins sérligu víðáttu; **móðurmunninn** er **algiorliga útvíðkaðr**, og **móðurbotnsins kraptr** aukinn, vegna hanns láugvaranligu samdráttu. 4) **Móðurskeidin og hinir ytri fæðingar limir láta þess léttar undan**, sem hin

---

Hvað veldr því, at bæði móðurmuunans og beggia skálarinnar opa mótstada yfirvinnaz svo liettiliga í slíkum fæðingum?

Því láta móðurskeidin og hinir ytri fæðingarpartar svo liett undan?

hin önnur mótstada hinna efri, er ádur skrifram yfirunnin; fóstursins, módurlífsins og vatnsins verkun er sterkust í þeim skiálfandi hrídum, og á þessa miúku parta, er eingann undirstudning hafa, reynir allr þeirra kraptr. Allar þessar kringumstædur, er leggiaz á jafntsk, eru orsakir þær, er vallda fædingarinnar ordu og fullkomligleika.

§. 66.

Í þeirri fullkomnu fædingu hiálpar náttúran sér sialf, uppá hinn besta og óhulltasta máta, svo nærkona hefir ei annat at giera, enn einasta at draga umsorgun fyri því almenna í fædingunni, nefniliga:

taka út fylgiuna í réttann tíma, en ecki láta hana koma sjálfkrafa; at láta konuna strax fá nockra hvíld og ró, ádr enn hennar sári qvidr er vafinn; at koma í veg fyri bólgu móðurlífsins med þeim medølum, er ádr eru rádin; at vægia þvagsárindum konunnar, þá hún getr ecki látit þat, leggr hún þá svamp, vættann í heitri miólk, upp at inngángi blødrunnar, svo gufuna leggi inn; at dreifa þrota þeim er komit hefir í blygdunnar varirnar, og styrkia milligardinn, sem ádr hefir út þaniz, med bødum af dreifandi og samansnerpandi medølum, svo sem heitu øli, ósølltu smiøri og ediki; séu limirnir misg svo teygdir, sárir og þrútnir, tekr hún urtaposa, fylltann med kamillu- og hyldiblómstrum, vættann í heitri miólk, og vel úrkreystann, og leggr hann volgann yfir

---

Hvorsvegna skal hún endiliga taka fylgiuna hier?
Med hverju skal vægia þvagsárindum konunnar?
Hvernin skal hiálpa vid þrota í blygdunar vørunum?

yfir fædingarstadinn. Hafi skálin nockurstadar gengit úr lidi í fædingunni, rædr hún konunni at halda lánganu tíma vid sængina, og vefia breidu lérepts bindi yfir um miadmar hringinn, til at halla beinunum saman, par til taugir peirra ná aptr sinni fyrri festu.

En hafi skálin gengit úr lidi í ofraun fædingarinnar?

Um þá ómoguligu edr ofugu fædingu.

§. 86.

Sú ómoguliga fæding byriar á þeirri fastsettu fædingar tid, framfer med ófullkomnum hrídum, henni eru samferda vofeifligustu tilfelli, og hún getr alldrei fullkomnaz nema med annarligri hiálp.

§. 87.

Þeßi er yfrit nærskild þeirri hørdu fædingu, frá hverri hún alleina mismunar í því, at hana vantar lángtum meir til at geta fullkomnaz af egin vidburdum; þeckiz þeßvegna af fiøllda og stærd feila þeirra, sem hana orsaka, og af limanna óregluligu umbreytingum í fædingunni.

§. 88.

Hvernin er sú ofuga fæding?
Í hverju mismunar hún frá hinni hørdu?
Hvar af þeckiz hún?

§. 88.

Þau hellstu feil í innbyrdis samkomulagi limanna eru:

Í fyrsta máta: at móðurlífit liggr svo mjög skakt, at þeß botn vikr langt frá midpúnkts línu skálarinnar, helmingr móðurmunnans er teygdr upp fyri hennar barm; svo at fóstrit í fæðingunni þrýstiz og ber að tédum barmi, en kémz ei nidr í hol skálarinnar.

Í annan máta: at fóstrit annathvert hefir snugliga legu edr óveniuligann vext, svo þat þeßvegna getr ei preßaz í gegnum skálina; svo sem:

1) Þegar einhvern annann lim enn höfudit, dauðinn edr fæturna, ber að móðurmunnanum.

2) Þegar höfudit at sönnu ber að, en ennit snýr at ísbeininu, og hnackinn kémr fyrst ofan í skálina; edr ennit snýr at kroßbeininu, svo andlitit sígr fyrst nidr; edr ennit snýr at miðmunum svo þat kémr

---

Hver eru þau hellstu feil í limanna innbyrdis á-sigkomulagi, sem orsaka þeßa fæðing?

fyrst nidr í skálina; þegar andlitit ber ad, en hakan snýr at því heilaga beini, edr til hægri edr vinstri hlidar; þegar hakhofudit edr hnackann ber ad, en framhofudit snýr at ísbeininu, edr til annarar hverrar hlidar í skálinni; þegar eyrat edr vángann ber ad; þegar hofudit og bádir handleggirnir koma undir eins ofan í skálina; þegar hofudit edr allt fóstrit er lángtum stærra enn svarar vídd skálarinnar.

Í þrídia máta: at skálin er svo þraung, og feil hennar svo stór, at of litit rúm er fyri fóstrit.

Í fiórda máta: at þeir miúku fædingarvegir, vegna þess þeir eru samangrónir, edr vanskapadir, eru alldeilis mótsnúnir fædingunni.

§. 89.

Þær óregluliga umbreytingar, sem skée í ómøguligum fædingum, eru þessar:

Þegar einúngis móðurlífit liggr miog skackt: svo byria hrídirnar miog óregluliga og óskil-

---

Hveriar óregluligar umbreytingar koma af móðurlífsins miog skackri legu í þesshättar fædingum?

óskilmerkiliga; móðurmunninn þenz ei jafnt út, og hanns þynnta hálfa rend togaz upp eptir, en hinn partinn sem ei þynniz, finna menn í móðurskeidinni; forniſtit er aflángt at finna, og hángir ofan í móðurskeidina; belgrinn sprýngr suemma; hofudit þryſtiz á skack, ofan á, og út yfir barminn á efra opi skálarinnar; eptir því sem líðr á fæðinguna, minka hríðirnar; sárindin aukaz med ávaxtarlausum þreyngingum; hofudit samanþryckiz og þrútnar, en nidaz eckert nidr í hol skálarinnar; þeßvegna hætta vidburdir fæðingarinnar, og þau skadligu tilfelli, sem þar af flióta, giora endir á fóſturſins og konunnar líſi.

Þegar fóſtrit alleina liggr ofugt, og frambíðr annann lim, enn hofud, daus edr fætr, byria hríðirnar án nockurar reglu, eru veniu framar sárar, án ſérligra þreyngínga; móðurmunninn opnaz í hring; forniſtit er at finna meir ávalt enn flatt, og stundum frammiótt; belgrinn sprýngr suemma; sá ad-

En af því þegar fóſtrit liggr ofugt?

berandi limr, er í fyrstu ei alltíd finnz med ransóknínni, þryckiz nidr í skálina og þrútnar; þá álídr fædínguna, hætta hrídirnar, og vídburdirnir endaz sem fyrr er frá skýrt.

Þegar hofudit ber rángt at, med ennit mót ísbeininu: byria hrídirnar þ ckianligar, og nockut óreglulígar, þó æíd séu þær veikar og ónógar; módurmunninn opnaz í hring, og allr jafnt. Forniſtit er flatt at finna; framhofudit þ útnar og stendr lengi óbifanligt í efra opi skálarinnar; þá álídr fædínguna, sleppr bakhofudit allrafyrſt nidr í skálina at aptanverdu, framhofudit beygiz med hokuna at briósti fósturſins, og vid þeßa umbreyting hindraz bakhofudit um síðir vid þat nedra op, og getr ei beygz upp frá dausbeininu fram undan boga ísbeinſins; hvorsvegna hrídirnar og fædíngin hneckiz og tekr enda.

Þegar hofudit ber rángt at, med ennit mót kroßbeininu: byriar fædíngin á sama hátt

---

En þegar hofudit ber at med ennit mót ísbeininu?

Hvada umbreytíngar koma þá ennit snýr mót kroßbeininu?

hátt sem fyrr; þar eptir niðr þrýckiz framhöfudit og þau fremri hausamót allra fyrst, en á meðan stendr bakhöfudit fast við ísbeinit, og beygiz aptr á bak barninu; þegar nú framhöfudit á sagdanu hátt er preßat niðr undir þat nedra op, og getr ei vegna bakhöfudsins, beygt sig nedan frá og fram undan boga ísbeinsins, svo minka hríðirnar, og fædingin í gegnum þat nedra op verðr ómsgulig.

Eins er ásigkomit með hinar adrar höfudsins stöcku legur; nefniliga: þá ennit snýr til hliða, andlitit eðr hnackann ber að, og s. fr.

Þegar eyrað ber að, og andlitit snýr fram eðr aptr, byriar fædingin miög ófullkomliga; móðurmunninn opnaz í hring; fornistit er flatt áteknum; en þá minnst varir, hætta hríðirnar, og höfudit preßaz eigi niðr í holit; þarámót: snúi andlitit til annarar hverrar hliðar, vara hríðirnar lengr, og höfudit preßaz nockut dýpra niðr; en undir eins

En þegar eyrað ber að?

og þat er komit í hólit, hættir móðurlífsins verkun, svo eckert verðr af fæðingunni.

Þegar hofudit er tiluverðt stærra enn at samhýðr vídd skálarinnar: byria hríðirnar ófullkomnar, en vara þó svo lengi sem nockut undan lætr, en undir eins og eckert gefr leingr eptir, hætta verkanir móðurlífsins við mótstöðuna, sömuleiðis fæðingin.

Þegar orsökin er alleina í skálinni: verðr mótstaðan óyfirvinnanlig í fæðingunni, og hríðirnar hætta fyrr eðr seinna, eptir því, hvert feilið er í hinu efra eðr nedra opi.

Þegar alleina þeir útvortis fæðingar limir orsaka óyfirvinnanliga mótstöðu: svo framfer fæðingin regluliga til þess upp á þat síðasta, þá hríðirnar minka, og um síðir alldúngis hætta.

§. 90.

Hversu gengr fæðing þessi, þá hofudit er stærra enn samhýðr vídd skálarinnar?

En þegar skálin einúngis veldr mótstöðunni?

En þegar hinir útvortis limir orsaka hana?

§. 90.

Fyrir utan öll þau hættuligu tilfelli, sem í hördum fædingum (§. 81.) uppáfalla, skédr þat og í þessum sfugu fædingum, at móðurlífit rifnar, og ætíð er hinni fædandi og fóstrinu óbrygdult lífstíón búit, ef í tómi má vidleika.

§. 91.

Sé móðurlífit mieg ójafnt útþanit, meir þynnt og veiklat í einum stad enn ödrum, og mótstadan, vegna skálarinnar þreyngsla, edr fósturfins stærdar, er ásamt þessu óveniuliga mikil: svo kann móðurlífit

1) Annathvert, vegna fædingarhríðanna ofbeldisfomu verkana og mótstodunnar sterkleika, eptir þat forniftit er sprungit, svoleidis at meriaz og kreystaz af þeim hördu limum fósturfins, at þar af komi bólga í

Hvad hættuligt tilferli fylgir þvílíkri fædingu framar annari?

Hveriar eru sídvanaligustu orsakir til bólgu móðurlífsins í þessköns fædingum?

þann part móðurlífsins, sem mest lídr, hvar af pínan eykz í þeim stad, sem bólgan er, uns úr þessu verdr drep, svo móðurlífit rifnar þar um sídir.

2) Ellegar at höfud fóstursins kann at þryckiaz svo hart á barm skálarinnar, at barnit fái þar af sína teygiur, og kann þat þá med sínu sparki og spyrníngum í móðurlífit, áðr enn forniſtit er sprúngit, vallda því, at í móðurlífit hlaupi bólga og drep, svo þat rifni um sídir þar af.

3) Kann yfirsetu-konunnar of sterk medferd, þá hún byriar of seint med snúníngínn, og þreyngir höfdinu med afli í mót þeim bólgna stad, vallda því optliga, at móðurlífit rifni.

§. 92.

Móðurlífit rifnar þessvegna optast vid hálsinn, af því hann lídr mestann núníng af barmi skálarinnar; þó rifnar þat stundum í botn-

---

Hvad verdr úr þessari bólgu megi hún ráda sier?
Kann yfirsetu-konan vallda því at móðurlífit rifni?
Hvar rifnar móðurlífit giarnast?

botninn, þegar fóstrit spyrnir í hann í sínadráttar kostunum, og má ætíd ottaz, at móðurlífinu sé búit at rifna: þá þær framsærðu orsakir eru til staðar, og hin fædandi finnr eina sífellda, vaxandi og brennandi pínu í einum stað í lífinu, sem ætíd espaz í hríðunum; en sé þat rifnat: fellr konan í ónugvit, en raknar þó við aptr, pínan hverfr allt í einu, hvar á ofan fylgia nockur blódlát, og svo umbreytiz öll legun qvidarins, þar fóstrit at nockru eðr öllu leiti sleppr út í gegnum rifu móðurlífsins inn á milli þarmanna, hveriu fylgir þat mesta ómegin og einu bráðr dauði.

§. 93.

Í þessum ofugu og ómeguligu fædingum er eingrar hiálpar at vænta af náttúrunni, en yfirsetu-konan má ransaka limanna feil og þau fyrifallandi tilfelli, svo hún geti yfirvegat, hvert

---

Hver teikn gefa til kynna, at þat muni rifna?
Hvar af þekkiz at þat allareidu sie rifnat?
Hiálpar náttúran sier nockut í slíkum fædingum?
Hvad á yfirsetu-kona þá at giora?

hvert þau séu svo stór, at fæðingin eingann-veginn ské kunni af sjálfri sér; þessu næst má hún tilreiða þat hún naudsynliga med þarf (§. 58.); grípa síðan til þeirrar víssustu hjálpar, sem er at snúa barninu á réttum tíma, edr áu tafar láta sækia einn læknir, sem med verkfærum veit at hjálpa við fæðingunni.

Finni nærkona: at skálin sé svo ónáttúrliga þraung, at hún ei geti komit hendinn í gegnum hana, edr og at móðurlífit er komit undir at rifna, þá má hún leita hjálpar í tíma, svo barnit, annathvert med verkfærum edr og med annari víssri handlæknis tiltekt verði útdregit, en eingann veginn í þessu tilfelli voga at snúa því. En sé móðurlífit allareidu rifit: má hún samt ecki skilia konuna eptir hjálparlausa, heldr leitaz við at ná enn nú fóstrsins fótum í móðurlífinn, til at draga þat út á þeim; strax sem barnit og fylgian eru út tekin, má hún færa þá útsollnu

---

Sie skálin of þraung, og móðurlífit riett við at rifna, má þá ei leitaz við at snúa barninn strax? Hvad skal gióra þá rifnat er móðurlífit?

fóllnu þarma gegnum móðurlífsins rifu, inní lífit aptr, halda síðan hendinni svo lengi í móðurlífinu, til þess það hefir dregit sig saman, leita svo með flýti læknis hjálpar.

§. 94.

Eptir þessar ofugu fæðingar, er fóstrit meðhöndlat á sama hátt sem eptir hardar fæðingar (§. 55.).

Um

Hvernin skal fara með konuna at afstaðinni þessari fæðingu?

Um þær vegna uppákomandi tilfella hættuligu fæðingar.

§. 95.

Auk þeirra hættusemda, er leida af fæðinganna ordugleika, kunna þar fyrir utan í ollum fæðingum óforvarandis uppá at koma tvo vofeiflig tilfelli, sem skada vidburdi fæðingarinnar og stofna bædi módurinni og barninu í stærstu hættu, jafnvel þó bædi módurliffins, fósturfins og skálarinnar ásigkomulag sé regluligt, og þeßi eru blódlát, og sinadrættir.

§. 96.

Blódlátin koma: þegar módurkakan at nockru leiti eda olldúngis losnar; þegar nablastrengrinn edr nockr ad módurkokunnar slitnar.

§. 97.

Hver eru þau hættuligustu tilfelli í ollum fæðingum, enda þótt orduligar sieu?

Hveriar orsakir eru til blodlátanna?

§. 97.

Þau tíuverduſtu blódlát eru tvennſlags:

1) Þat ſterkaſta og vofeifligaſta er þat ſem innfellr allareidu á ſídſta mánudi medgaungu tímans, þegar nedri partr módurlíffins er tekinn til at þynnaz og þeniaz; þat hættir einſtaka ſinnum, en kémr aptr því ákafara og ſterkara, ſem nær er komit fædingunni, þartil þær eginlegu fædingar hrídir byriaz; þá eykz blódlátit svo miog, at bædi konu og fóſtri er brádr daudi búinn, megi fædingin ſiálf vid leika.

Orſok þeßa svo ſnemmgiærda blódláts er, at módurkakan er loſnut, og ſitr yfir módurmunnanum í hálſi módurliffins. Þeckiz þat: af þeim undanfarandi blódlátum í hinum ſídaſta mánudi; af því lifrada blódi, ſem finnz í módurſkeidinni; af módur-

---

Hvad margſlags eru þau?
Hvert er þat ſterkaſta og vofeifligaſta?
Hver er orſok til þeßa blódláts?
Hvar af þeckiz, at módurkakan ſitr yfir módurmunnanum?

urmunnans ſtakliga þyckri, flatri og óreglu-ligri lögun, þá byriud er fædingin; af þeim blauta, ſvampkénnda og óſléttu klump, er í ſtad belgia og forniſtis, uppfyllir módur-munnann; af hrídunum, ſem frá endverdu eru miog hægar, og minka allt af eptir því ſem blódmißirinn vex.

Þeßi blódlát valda ſterkum aungvitum, haſtarligu og daudligu magnleyſi, og at ſíd-uſtu ſinadráttum, er enda med daudanum, utan fædingin framqvæmiz.

2) Þat ſeinna og lángſamara blódlát byrjar þá hit fyrſta, er fædingin er byriut, fyrr edr ſeinna; vex alldrei ſvo ákaſt né haſtar-liga; ſtilliz milli hrídanna, og verdr ſialldan ſvo fárligt, utan þat uppá komi miog ſnemma, vari ſídan ákaft og lángvaranliga.

Orſokin til þeß er: at módurkakan, ſem nú ſitr lengra frá módurmunnanum, er loſnut í fædingunni; og því þeckiz þetta frá

Hverin velldr þetta blódlát?
Hvenær kiemr þat ſeinna og lángſamara?
Hver orſok er til þeß?

frá hinu fyrra þaraf sérdeilisliga, at eigi finnz móðurkakan í móðurmunnanum.

§. 98.

Þegar nærkona hefir ransakat orsökina til blódlátsins, þá má hún tilreida fædingar fletit, leggia bindit lausliga yfir um lifit, og hafa vid hönd hluti þá, er þurfa til at lifga og styrkia konuna og barnit; umfram allt færi hún konuna tímanliga í fletit, rádi henni til stærstu róligheita, og fyribiódi henni alvarliga allt þat er eykr vellu blódsins.

Undir eins nú, at blódlátit espaz, konan hvítnar upp, fær sudu fyrir eyrun og dimmu fyrir augun, sláttr lífædarinnar verdr linr, og valla finnanligr, hendurnar kólna, og yfir hana vill lída: skal yfirseu-konan ei bída eptir hríd-

---

Af hverju þeckiz þetta frá hinn?

Hvad hefir nærkona hier at gióra?

Skal hún lengi láta dragaz, at flytia konuna til flets?

Hvad rædr hún henni síðan?

En ef dregr af konunni meir og meir, hvad skal nærkona þá ráda af?

unum, edr því at módurmunninn þynniz edr útþeniez, heldur strax færa hendina med varegyd lángsamliga upp eptir módurskeidinni, gætiliga útvídka módurmunnann, sem léttiliga lætr undan, enda þótt hann virdiz miog svo þyckr, þar eptir skal hún náqvæmliga ransaka, hvar módurkakan er laus, svo hún geti fært hendina í sama stad inn, milli módurkokunnar og módurlífsins, allt upp til fótanna, þar blódlátit mundi vaxa, ef hún losadi módurkokuna annarstadar enn hvar hún allareidu er laus; þegar fornistit er þá spreyngt, tekr hún um báda fætr og dregr barnit sliótt út.

Eptir fædinguna tekr hún strax sylgiuna, dregr bindit at qvidnum, varaz þó at hræra konuna, svo blódlátinu og aungvitunum kunni þarmed at verda hamlat, þar eptir leitar hún í einum hasti allra þeirra medala, til at stilla blódlátit, um hver ádur er getit í hinni of

---

Hversvegna skal hún fara þar inn, sem módurkakan er laus?

Skal snúa barninu í þessari fædingu?

Hvad er at giora eptir fædinguna?

of hastarligu fædingu. Þá búit er at lauga og endurnæra barnit, ber hún konuna, þó ecki fyrr enn henni er ordit sickanliga heitt, og hún er vel komin til krapta, varliga og med atgætni í rúmit, og lætr hana hallda sér í stærstu makindum, þángat til eingin hætta er meir í vændum.

Í hinu sídlara blódláti yfirvegar nærkona, hvert blódlátit sé ákaft, hvert þat byrji snemma, og hríðirnar veikliz vid þat; sé svo, má hún tímanliga snúa barninu; en sé blódlátit þolanligt, hríðirnar vidvarandi og verkandi, og allir limir hafi tilbæriligann jafnud, svo lætr hún fædinguna ské af sialfri sér; en ef hríðirnar skyldu seinna meir óforvarandis hætta, eda blódlátit verda ákafara og hættuligra, þá lætr hún sækia einn læknir, til at fullkomna med taunginni fædinguna. Eptir fædinguna ber hún sig at eins og í hinu fyrra blódláti.

Hvad er athugavert um hit sídlara blódlát?
Má fædingin med hessu sídlara blódláti nockurn tíma ráda sialfri sier?

§. 99.

Sinateygiur koma vanaliga hiá þeim, er fyrsta sinni fæda, af of mikilli vidqvæmni í módurlífsmunnanum og þeim ytstu fædingarlimum, hversvegna þeir eingva útvídkun þola.

§. 100.

At einni konu séu búnar sinateygiur, þeckiz: þegar hríðirnar byria med óveniuligum ossa, yfirmáta sárindum, litilleik, uppkostum, ótíma geispum, hnerrum, skiálfta í útlimunum, augun ránghvolfaz, tennurnar gnýsta, og þegar sinarnar fara at kippaz vid í úlnliðunum, þá eru teygiurnar nálægar, fara þær vaxandi med ofbeldisligum og óvidrádanligum hræringum í limunum, hvar med mißiz bædi vit og tilfinning, og konan frodufellir.

§. 101.

Þegar limirnir hafa sinn rétta jafnud og ásigkomulag, svo byriar fædingin rétt ordiliga og

---

Af hverju helst koma sína teygiur?
Hvar af þeckiz at þær ætla at koma?
Hvernin framfer fædingin med þeßu tilfelli?

og fullkomliga, þángat til siua teygiurnar byria, en þá minka smásaman hríðirnar, eptir því sem teygiurnar vaxa, til skipta, meir og meir; móðurmunninn opnar sig kringlótt, en miog lángsamliga; sú fædandi mißir at sönnu rádit í teygiunum, en vari þær eigi lengi, og séu hægar, nær hún því aptr at þeim afstödnum, þángat til teygiurnar verda ákafari, þá tapaz rænan einnig ámilli þeirra; höfudit midaz stundum nidr í skálina fyrr enn teygiurnar byria; og þá þær fyrst koma svo seint, skédr fædingin af sönnum fædingar hríðum er þá eru samferda, og sú fædandi kémr litlu eptir á til sinnar rænu, þá fædingin er fullnut. En byrji teygiurnar miog snemma, og vaxi ákafliga fyrrenn móðurmunninn fylliliga opnar sig, og höfdinu skýtr nidr, svo opnaz hann ýsrit tregliga, en hríðarnar styttaz og hætta eptir því sem teygiurnar vaxa, þángat til sú fædandi annathvert lætr lífit í þeim, eda þó fædingin at sönnu fullendiz, svo vara samt teygiurnar opt vid, og konan nær ei rænu sinni aptr, heldr deyr eptir fædinguna. Þetta tilfelli er ei einúngis miog hættuligt fyri þá fæd-

 andi,

Er þetta tilfellr svo hættuligt?

andi, helldr og einnig fóstrit, sem í teyg-
inum er undirkastat hinni stærstu hættu, allra
hellst ef forniftit er sprúngit.

§. 102.

Þá nærkona af ádursøgdum teiknum fær
þeckt, at konan muni fá sina teyginr, má hún
hastarliga leitaz vid, at koma í veg fyri þær,
lætr því taka konunni duganliga blód, og í
tíma sækia einn læknir, sem med sesandi med-
slum veit at stilla þau ofurligu sárindi og vid-
qvæmni í limunum, er orsaka þessa tegund af
slagi. Ef svo luckuliga vildi til, at móður-
munninn í hríðunum, vegna vatnsins ofur-
nægdar, opnadi sig svo mikit, fyrr enn
hofudit sycki nidr í holit, at hendin, án
þess at teygia edr spenna þá yfrit vidqvæmu
limi of mikit, yrdi med lempni færd inní móð-
urlífit, svo snýr nærkona barninu, og færir
þat svo fliótt út sem møguligt er. En sé
hof-

Hvad hefir nærkona hier at gióra?
Hvenær er leifiligt at brúka snúníinginn?

höfudit allareidu svo diúpt nidrsígit í skálina, at einginn snúníngr kunni ské, má barnit færaz út med taunginni.

Eptir fædínguna má nærkona gaumgæfa þann almennilega adbúnad, og ef sína teygiurnar enn nú vidvara, eigi forsóma at taka einn læknir til ráds.

En ef höfudit of diúpt nidr sígit í skálina, hvad skal þá gióra?

Hvada medferd skal brúka eptir þessa fædíngu?

Um tvíbura fædíngu.

§. 103.

Tvíbura fæding kallaz sú; í hverri tvø børn fædaz hvert eptir annat med þeirra fylgium. Þeßa fæding ber ad tveim eda þrem vikum fyri þann rétta tíma, og byriar veniuliga med láungsomum, en þó regluligum hrídum, hvar vid bædi børnin, ef limirnir annars hafa sitt rétta ásigkomulag, fædaz sialfkrafa; en sén hrídirnar edr barnanna lega óordulig, fædiz ei þat fóstur af sialfu sér, sem hefir óorduliga legu.

§. 104.

Þegar tvíburar eru, svo eru og tvø ordulig egg í módurlífinu, er liggia hvert upp med ødru; því sérhvert fóstur er umvafit sínum eginn belg og vatni, og hefir sína egin módur-

koku

Hvad er tvíbura fæding?
Hvenær ber hún ad?
Fædaz tvíburar jafnan bádir af sialfum sier?
Hvernin liggia tvíburar í módurlífinu?

køku, eru þær annaðhvert samanhángandi, eda hver fyri sig adskildar; nema ef börnin eru samangróin, þá innilykiaz þau bædi í einu eggi.

§. 105.

Eckert óbrygdult kénniteikn gefz til tvíbura, fyrr enn þat fyrsta barn er fædt, þá þeckiz hins annars nærvera í fædingunni þaraf: at qvidriun finnz enn nú hardr og hálffullr; þat fædda fóstur er lítit; belgrinn og vatnit, sem umkringir þat annat barn, kémr á ný út í módurmunnann; hríðirnar vidvara, og þit annat fóstr kémr í liós.

§. 106.

Þá nærkona er komin at reynd um, at tvíburi er eptir í módurlifinu, þá þat fyrsta er ádur af sjálfu sér, eda med sulúninginum fædt, og nablat: þá lætr hún fylgiu hins fyrra sitia

---

Gefz nockurt óbrygdult kienniteikn uppá tvíbura fyri fram?

Hvenær og af hverju þeckiz, at þeir sien í vændum?

Skal sirax taka fylgiu þess fyrra barns?

kyrra, en bindr um endann á nablastrengnum, sem til hennar gengr, á medan hún færir hønd sína inní módurlífit, spreyngir forvisti þeß seinna barns, og útdregr þat svo á fótunum; því jafnvel þó hit seinna fóstur hafi orduliga legu og kunni þeßvegna fædaz af sjálfu sér, svo er þó, vegna módurlífsins óorduliga samdráttar er fylgir á eptir, og fósturfins skocku nidúrgaungu í skálina, óhultast at snúa því.

Eptir fædinguna, þá bædi børnin eru fædd, ransakar hún utan til á qvidnum, hvert módurlífit hafi vel samandregit sig, ádr enn hún sækir fylgiurnar, hveria eptir adra; nema svo bæri til, at sterkt blódlát uppá kæmi, þá mætti hún hrada sér at taka þær, og sídan umvefia hinn slapanda qvid, ádr enn hún flytr konuna.

Um

Hversvegna skal strax binda um nablastreng þeß fyrra barns ádr enn hitt fædiz?

Hvers vegna skal snúa því seinna barni, þó þat liggi riett?

Hvernin medhøndlaz konan á eptir?

Um ótíma-burdi.

§. 107.

Ótímabæra fædingu ber ad, ádur enn sú ordu-liga fædingar tíd er komin, med eda án nockurs undangángandi edr medfylgiandi blódláts, er opt byriar nockrum dögum fyrr enn formerkiz til léttasóttarinnar, veikaz hríðirnar svo mjög þar vid og dragaz á frest, at fædingin full-endaz med lángvarannligri pínu og þiáníngu, enn í þeim ordulegu og fulltída fædingum.

§. 108.

Þeßar kunna at adgreinaz í tvennslags:

1) Í þá er skédr fyri tímann, (kallaz þá barnit eigi fullalldra); hún innfellr milli þeß sjöunda og níunda mánadar, þá eggit enn nú er ósullkomit, jafnvel þó fóstrit geti lifi halldit. Og

2) Í

Hvad er ótíma-burdr?
Hvernin atgreiniz þvílik fæding?

2) Í þá eginliga ótímabæru, er og svo kallaz misburdir; þeßar innfalla milli þeß þridia og siøunda mánadar; er þá fóstrit of vanburda til at geta lifi halldit, þær sem svoleidis fæda, kalla menn og at sái umslag edr ófall, ellegar at þær fari illa.

Reynslan kennir, at þær flestu fara optast nær illa í enda hinns þridia mánadar edr hinns siøtta, hellst á þeim døgum, er konan, utan barnburdarins, var von ad fá sína mánada-rás.

§. 109.

Hver tveggia byriar med undangángandi blódláti, svo opt sem módurkakan er losnud, sem ské kann:

1) Af of miklu blódriki edr hreifingu, hvar af ædarnar slitna.

2) Af allri útvortis áreynslu og hniaski er lifit verdr fyrir.

3) Af

Hver er munr á þeßum tveimr?

Hvenær kiemr ófallit oftast nær uppá?

Hvernin byria þeßir ótíma-burdir?

3) Af sterkum líkamans, og
4) Sinnisins hræringum.

Sé þaramót módurkakan ecki losuut, byria þær án blódláta.

§. 110.

Allt hvad gefr módnrlífinu orsök til at kypra sig saman, edr veldr sínadrátta leidingum í botni þeß fyrr enn komin er sú rétta tíd, orsakar ótímabærann burd; þannig kunna:

1) Blódlátin, sem fylgia losnun módurkökunnar, gefa módurbotninum orsök til at draga sig saman, og veikia módurmunnann, svo at af þeim vdugligu samdráttum skýtz eggit um sídir út.
2) Of mikill stríðugleiki og viðqvæmni módurlífsins hamla því at geta þolat þá tilbæriligu útvídkun af egginu.
3) Of mikill linleiki módurmunnaus orsaka, at hann of fliótt lætr undan eggsins áþrýstingu.
4) Af allskins heiptugum, teygiu fullum og verkia miklum siúkdómum, sérdeilis í qvidnum, kann módurlífit setiaz í hræring.

5) Sem-

Hveriar orsakir valda ótíma-burdi?

5) Sømuleidis af ollunt sterkum sinnis hræringum.

§. III.

Peir ótímabæru burdir, sem byria og framfara med blódlátum, vilia optar til, og eru fárligri enn þeir, sem ſké án blódláta; en blódlátin eru almennt at segia, þeigi svo fárlig í þessum fædingum sem hinum, er ſké einúngis litlu fyrir tímann, því ædarnar standa ei eins á blístri; þessvegna: því meir sem hin ótímabæra fæding dregz og nálgaz veniuligum fædingar tíma, því hættuligra er blódlátit; sér hverr ótímaburdr er fárligri fyri konuna, helldr enn sá, er ſkédr í réttann tíma, med sama slag, vegna þess at blódlátin, sem fylgia med, veikia hrídirnar og krapta konunnar; módurmunninn er ei nægiliga þynnir og umbreyttr, helldr útvídkaz lángsamar, og med meiri

---

Er blódlátit í þessum fædingum jafn hættuligt sem í hinum, er ſkie einúngis fyri tímann?

Hversvegna er ótímaburdr hættuligri enn tímabær, sem ſkiedr á líkann hátt?

meiri pínu; orsakirnar sem valda þeßum fæd-
ingum, eru optaz nær voldugar, og þeß fár-
ligri; eingi tøluverd handbiorg verdr sýnd
edr brúkut í þeim eginligu ótímaburdum; og
fylgiaz verdr lángtum lengr eptir, og fædiz
lángsamligar, heldr enn í þeim er ske í rétt-
ann tíma.

§. 112.

Peckia má, at ein kona muni fara illa,
þegar hún verdr yfirfallin af hrolli, kullda í
limunum, magnleysi, og blódláti af módurlíf-
inu, er lætr á milli, en er sterkara enn mánada-
tídirnar; fylgi med þeim nockurskonar þreyng-
ingar; komi blódit í klumpum nidr af módur-
lífinu; og sídan réttar fædingar hrídir, vid
hverjar módurmunninn opnaz og útþenz, samt
belgrinn og forniftit kémr í liós; svo er fæd-
ingin allareidu byrjut, og varir, þar til annat-
hvert eggit med heilu og hølldnu útþrýstiz, edr
og forniftit sprýngr, og fóstrit kémr í liós.

§. 113

Verdr nockurri handbiorg vidkomit í eginligum ótímaburdum?

Af hverju peckiz at ein kona muni fara illa?

§. 113.

Strax sem nærkona af ransóknínni er áskynia ordin af syrrsøgdum teiknum, at ein kona munni fæda syri timann; svo tilreidir hún allt, sem í ødrum timabærum fædingum, og forsómar ecki, vegna blódlátanna, í tíma at leggia hana í fædingar fletit; og láta hana liggia sem róligast; þarnæst brúkar hún, í þessum ótíma fædingum, sømu vidburdi sem í ødrum sama slags timabærum, annathvert eptir lætr hún þær náttúrunni, þegar allt at skøpum gengr, edr hún gripr til snúníngsins, þá eitthvad er øfugt og ófullkomit.

Þegar snúníngsins þarf med í þessum fædíngum, þá er rádligast: at nærkona ecki dragi út handleggina, heldr láti þá leggiaz upp med høfdínu, svo þar med verdi hindrat, at módurhálsinn kypri sig utan um hálsinn á fóstrinu, og svoleidis bægi høfdinu at koma í liós.

Eptir

Hvenær skal leggia konuna í fædingar fletit?
Hvernin skal þá fædandi annars medhøndla?
Er hier uockut athugavert um snúníinginn, framar enn í ødrum fædingum?

Eptir fædinguna er rádligast: at láta fylgiuna koma sialfkrafa, þó þat gángi lángsamliga, þar módurkakan um þat leiti er fastari vid módurlifit, enn á mót endirnum, og hendinni verdr eigi svo hægliga innkomit í módurlifit; en sé svo, at blódlátit sé miog sterkt: þá kuuna menn, ef þetta skédr at lidnum þeim siounda mánudi, færa med vareygd hendina inn, og ná fylgiunni.

Fóstrit umhyrdiz og laugaz í volgri miólk og vatni; sé þat enn nú miog vanburda; halda skal á því tilbæriligum hita, og veria ollum medolum til at vidhalda þess lifi.

§. 114.

At barnit eigi sé fullaldra, þeckir nærkona á því: 1) At barnit er ofurlitit, og ecki lengra enn hálf alin. 2) At þat vegr minna enn 5 ℔. 3) At hørundit er allt ofur raud-

---

Skal fylgian takaz eptir fædinguna?
En sie blódlátit miog sterkt, hvad skal þá giora?
Hve skal at fóstrinu búit?
Hvaraf má þeckia at barnit sie eigi fullaldra?

leitt. 4) Kropprinn, einkum um þriggjinn, handleggina og kinnarnar, er þakinn smáum og miúkum hárum, sem líkust eru smágerðustu ull. 5) Limir fóstursins eru ei fullburða, hefir þat þessvegna hverki sína réttu þyngd né stærð. 6) Neglurnar eru ei heldr fullvaxnar. 7) Hausskélin er misg þunn og lin, og hofudbeinin gánga hægliga á misvixl. 8) Þat fremra hausamót er misg stórt og audsiáanligt. 9) Andlitit litr illa út, er hruckótt og elliligt. 10) Á pillt-bernum er púngrinn, raudr, þrútinn og tómr. 11) Barnit sefr síseldt, svo lengi þat er ei vakit, og dugir eigi til at siúga. Hér at auk má nærkona í fædingunni atgætt hafa, hversu nedsti partr móðurlissins var umbreyttr, svo hún þaraf ráda kunni þat rétta skeid medgaungutímans, á hverju fædingin skédi, beri svo til, at þar um verdi fyri rétti hennar vitnis leitat.

§. 115.

Gefr móðurlissins nedra hluta umbreyting nockra upplýsing í þessari sök?

Hvar til skal nærkona vita þetta?

§. 115.

Þegar ein kona ætlar at fara illa, má yfirsetu-kona:

1) Leitaz vid at hindra skadrædi blódlátanna; med því at halda konunni til at vera í kyrrd og ró, fordaz allar sterkar geds hræringar og heit medøl, svo sem vín, brennuvín, kaffe, sterkt øl, hita, og s. fr. þekia qvid konunnar, fædingar stadinn og lendarnar med línklædi, vættu í kolldu vatni blondudu ediki edr sýru; binda lausliga med breidu bandi um fætr og handleggi, til at hindra rennsli blódsins upp eptir; láta opna þeim blódríku æd á handlegg; gefa konunni súra kiælandi drycki, med sítrónusaft, ediki edr ødrum súrum vaxta vøkvum blandada, svo sem af sodnum kirsiber-

---

Hvernin skal medhøndla eina konu sem ætlar at fara illa?

Þegar hindra á blódlátit, hvad skal hún fórdaz?

Sie hún blódrík, hvad skal þá gióra?

Hve skal fremr varna blódlátum?

ium, ribsberium, eplum og s. fr.; hindra med stólpípu, at hverki vindar né búkteppa orsaki konunni rembing í lífinu, hvar við án esa espaz rennsli blódsins. Flýta sér at spyria einn læknir til ráds í tíma, einkum hafi konan af blódmißirnum tapat allareidu kroptum sínum, svo hendur hennar taka at kólna, andlitit at blikna, púlsinn at veikiaz og hún at falla í ómegin; því þá verdr at gefa styrkiandi medøl, svo sem melißu-, perlu-, canelbørks- edr krullnyntu-vatn, edr og Hoffmanns dropa; en eingi blódtaka er leyfilig utan med rádi og vilia eins reynds manns.

2) Stilli ei þeßi medøl blódlátin, ádr enn hríðirnar koma: svo verdr ecki ófallinu hamlat, heldr eptirlætr nærkona náttúrunni fullkomnun fædingarinnar alleina, þared fóstrit getr fædz án sunúningsins, hvernin sem

---

Sie hún máttdregin og kraptlitil, hver medøl eru þá brúkaulig?

Stilliz ei blódlátit, svo ófallit verdi hindrat, hvad er þá at gióra?

sem þeß legu annars er háttat, og yfirsetukonan þar at auk med eingu móti getr fyri þann síounda mánud komit hendi sinni inn í gegnum þann þraungva móðurháls, án þeß hann skaddiz; og med tveimr fingrum verdr eigi annat giort, enn reynt til at losa at eins eggit frá móðurmunnanum og svoleidis ná um þat, at dregit verdi út.

Eptir fædinguna má láta fylgiuna vera, til þeß hún kémr sialfkrafa.

Yfirsetu-konan má og ráda konunni til þeirra medala, sem hindra kunna ósall í sdru sinni.

Hvernin skal haga sier med fylgiuna?

Um þá fölsku lausn.

§. 116.

Þær fölsku lausnir innfalla optast við enda þridia mánadar, med undangángandi blódlátum; þær byria og framfara med réttum þríd-um, þó ófullkomnar séu, hveriar venjuliga útfæra einn kist-kénndann eggmyndadann klump af módurlífinu.

§. 117.

Sialldan innfellr fæding þeßi seinna enn í þeim þridia mánudi; því þegar módurlífit eptir fóstursins danda fliótar útþenz enn eggit, svo slitna hægliga ædar þær, sem láu millum þeßara parta, hvar af þau blódlát koma, er gánga undan þeßum fölsku fædingum; af hverra aukníng módurbotninum gefz orsök til, at kipra sig saman og framfylgia fædingunni.

§. 118.

Hvernin eru þær fölsku lausnir?
Hvenær innfellr þeßi fæding?
Hvaraf kiemr þat blódlát, sem gengr á undan henni?

§. 118.

Þeßi kiøt-kénnda vera, er fædiz, samanstendr at taugum og œdaklasa miklum, er samtengia hana módurlífinu; er hol innan, og yfirklædd med þunnri sléttri húd, innan í hverri er klár vatnsglæta, en miøg sialldan nockurt fóstur; hefir þetta sinn uppruna af módurkøkunni, sem allt af vex þó fóstrit deyi snemma, og hylr allt eggit; þeßvegna: deyi fóstrit strax eptir getnadinn, finnz þar til eckert teikn framar, í því falska eggi; en deyi þat at lidnum fyrsta edr odrum mánudi, þá eru leifar þeß enn nú audsiáanligar.

§. 119.

Jafnvel þó bágt sé at þeckia falskann barnsþúnga §. 37, svo er þó audséd, at ein følsk lausn sé fyrir høndum. 1) Paraf: at blódlátin byria í tólftu viku medgaungutímans, án nockurrar útvortis undangángandi orsakar. 2) Af því, at

---

Af hverju samstendr þeßi falska lausn?
Hvaraf hefir hún sinn uppruna?
Siez nockut á henni hvenær fóstrit muni daudt?
Hvaraf þeckiz, at ein følsk lausn sie fyrir høndum?

blódrennslit eykz meir og meir, og gengr í stycki um frá konunni. 3) Af því, at réttar hríðir koma, hvar af módurmunninn, sem hángir nidr í módurskeidina, jafnvel þó þyckr sé, speniz þó og opnaz. 4) Og at síðustu þar af, at fornistit ei kémr í lióss, eins og í fæðingum þeim, er ské einúngis fyri ímann, heldr í stad vatnsins og belgianna, sá inni fyrir verandi kiötklumpr, sem þreyngiz nidr í þann aflánga módurmunna.

§. 120.

Sú falska fæðing skédr regluliga og án uppá sylgiandi skada; þegar klumprinn med heilu og hølldnu, af styrk hríðanna, hytiz út allr í einu; en þegar safn þetta fæðiz í smá stycki um, hvad stundum vidber, þá verdr fæðingin óreglulig og skadvænlig; því jafnvel þó hríðirnar og blódlátin hætti eptir fæðingu hvers eins af styckium þeßum, svo aukaz þau þó at nýu, og verda sterkari, allt þar til fædt er, eptir lánganu tíma, hvad eitt þat, er módurlífit geymir, þá hætta blódlátin og hríðirnar øllúngis, er konan þá svo mátt-dregin, at hennui batnar ei fyrr enn at laungum tíma lidnum.

§. 121.

Skiedr þeßi lausn ætlð eins, og án skada?

§. 121.

Pat sem einni yfirsetu-konu byriar at gjora í þeßháttar fæðingum, er því einúngis þetta: At ransaka konuna, svo hún komiz at raun um, at hún muni fæða þvílik sosu; ræðr hún henni þar eptir til hvíldar og stillingar; felr hit annat gudi og náttúrunni, en adgætir þó gjorla, hvert safnit fæðiz allt í einu; er hún þeckir: 1) Af þeßa klumps eggløgudu mynd, innvortis holi og vatnsglætu, sé þat sundr skorit, og af fóstri því, stundum er þar innann í. 2) Af hrídunum, sem at vernn spori, og blódlátunum, sem litlu síðar, hætta.

Fæðiz þat þarámót í smá stycкium, má vidhallda kreptum konunnar, med kælandi, nærandi, styrkiandi og léttri fædu, og med líkamans og sinnisins rósemi; styrkia módurlífsins samdrætti med jafnadarligum innspýtingum af keldu vatni, er út kunni at skola þat inni fyrir er, og uppvekia krapta módurlífsins.

Hvad byriar nærkonu at gjora í þeßháttar fæðing?
Hvaraf þeckiz hvert safnit fæðiz allt í einu eda ecki?
Hvad skal gjora vid konuna þá þat fæðiz í smá stycкium?

Merk: 1) Skal nærkona varaz at vidhiálpa þeßum fædingum med svo kolludum drífandi medslum, edr med valdi at opna módurmunnann, hvar af skadi er búinn; bída helldr eptir náttúrunnar egin verkun og þeim rietta tíma.

2) Skal hún atgiæta, at ecki taki hún þann samanhlaupna lífrada blódklump, er setr sig í módurskeidina, fyri þat rietta safn, helldr skal hún láta þat í volgt vatn, hvar í þat audvelldliga þvæliz sundr milli handanna, breytir sinni lsgun, og hefir eingva kist-kienda prædi sem finnaz í því rietta safni.

Þau einnr sølsku samansøfn, er vera kunna í módurlífinu (§. 27.), koma nærkonu eckert vid, hversvegna hér verdr yfir þau hlaupit:

Vid-

Má ecki flýta lausninni med drífandi medslum? Hvernin verda þeßi stycki adgreind frá blódlífrum?

Viðbætir.

Um
siúkdóma sængurqvenna,
og
stólpspur.

1. Um sjúkdóma tilferli sængurkvenna um medgaungutímann, og lækning þeirra.

Þessi eru einkanligast:

Velgia og uppkost; vidvarandi mánadarás; verkir í og umkring miadmarhringinn; þvagtregda; hardlifi; ædaskúlk á fótum (varices); læra og fóta bjúgr; lifsýki; blódfall; takkar; gyllini æd; briósta stingir og bólgnar geirvortur.

Velgia og uppkost.

Falla til um medgaungutímann, annathvert:

1) Af ásigkomulagi sina-kérfisins qlleina; má þá konan lifa ordaliga í mat og dryck, neyta létt-

léttrar og meltanligrar fædu, fasta ei of lengi á morgna, eta heldr eitt stycki af smiörgudu braudi med tevatni sínu, edr eitthvad sem er ísallt, svo sem, ögn af salltkioti eda spegi-síld; og sé sinakérsit miog svo vidqvæmt, eda konan miog tilfinníngarfull, skal tekit ½ qvint. af því á líknar-búdum svonefnda urtasallti (Sal plantarum), látit renna sundr í fullum spæni af vínediki, og medan þat enn nú freydir, tekr konan þat inn, og svoleidis annann hvern kluckutíma, edr svo opt sem þurfa þykir; 20 til 30 dropar af hinum svo nefndu Hoffmanns dropum í sopa af kolldu vatni, sesa og téd tilfelli optliga. Edr:

2) Af hráslaga í maganum, er þeckiz af óhreinni og fardadri túngu, ósmeck í munni, ólyst á mat, spenníngu fyri bríngspolunum, óhægiligum uppstíganda og vindbelgíngi, og s. fr. Þá er eitt hægt búkhreinsandi medal naudsynligt, og má taka af þremur eptirfylgiandi, hvert sem vill:

Tak. 1) Rhabarbaru pulver, enska magnesíu, af hverju um sig ½ qvint. blanda vel saman, og tak í einu; eda

2) Tvo

2) Tvs lód af enſku eda Seidlitzar ſallti, lát þau renna í volgu vatni, ſía og dreck ſídan; eda

3) Manna-ſykur og tamarindur, af hverju 2 lód, vínſteins ríóma 1 lód, blanda ſaman og tak inn, ſodit í vatni og ſíat.

3) Kann þeßi veikleikr optliga koma af of miklu blódriki, þegar mánada tídirnar undir eins hallda upp; þetta þeckiz af ofurhræring blódſins, fliúgandi hita, raudu andliti, hofudpínu, ſvim, þúnga í limunum, óroligum ſvefni, fullum og ſpenutum æda-ſlætti, og varandi uppkoſtum; hér vid er rádligt at taka blód á handlegg, at ſvari tveimr eda þremr koppum, ráda konunni þunnann mat, ſvalt lopt, jafna hræringu, kælandi drycki med ediki, citrónſaft eda ribsſaft, og ſ. fr.

Vidvarandi klædafall.

Komi þau á réttri og veniuligri tíd, um medgaungutíman, af hellde miklu blódriki, og ſéu ei miog miklar, þá megu þær álítaz ſem medal vid blódríkinu, ſkada þoi eckert, og þurfa ei lækningar vid. En ſéu þær afar miklar,

miklar, og komi í stór klumpum, verdr konan at hallda sér í kyrrd, gánga hverki né erfida, heldr liggia í róligheitum, brúka kælandi lifnadar máta, og eptirfylgiandi svala pulver:

Tak. Vinsteins ríóma 2 lód, hreinann salt-pietr 2 qvint af þeßu samansteittu taki hún eptir kringumstædum, og hættu tilferlisins, fulla teskeid, annann eda þridia hvern tíma, sundrhrært í 2 tekoppum af volgu vatni.

Verkir í og umkring miadmarhringinn.

Þeßir koma tídast af þyngslum sóstursins og þrýstingu á þá undir liggiandi liinn, sefaz þeir vid barnabalsam, hvarí væta skal klædi og leggia um verkinn; í naudsfalli skal opna æd, ef púlsinn er hardr, og sótt er í kroppnum; gott væri og at setia konunni eina sefandi stólpípu.

Þvagtregda.

Kann at falla uppá í þridia eda fiórda mánudi; af því módurlífit vex og þrýstir á blødru hálsinn, safnaz þvagit fyrir, þenr út blødruna, og spennir qvidinn upp undir nabla; því

því meir bladran útþenz, því lengra dregz móðurmunninn upp fyrir ísbeinit, en móður-botninn kastar sér aptr á bak niðr í skálina mót endaþarminum, og finnz sem þrútin kúla gegnum hann og móðurskeidina. Þeßvegna; ef þvagit teppiz svo snemma um medgaungu-tímann, er ætíð hætt við, at móðurlíssins bak-fall sé orsökin, náiz þá varla upp til móður-munnans, og finniz téð kúla gegnum enda-þarminn, svo er uppi sporit, og er þvílíkt til-ferli ei at vettugi hafandi.

Merk: Þetta móðurlíssins bakfall (retroverſio uteri), er fyrst uppgötvat af einum frönskum lækni, síðan aptr í liós leidt af hinum stóra William Hunter í Englandi; verði ei vart við þat í tíma og at því gjördt, er ómögu-ligt at ráða bót á því á álidnum medgaungu-tíma, bólga og drep hleypr í móðurlíst, og konan má deya aumkunarliga.

Strax og sundit verðr med ransökninni, at þvílík orsök er til þvagteppunnar, skal færa inn í gegnum þvaggánginn í blödruna, eina þar til lagada silfr pípu, sem læknar kalla ka-teter, til at útrýma þvaginu sem fyrst, síðan skal smeygia tveimr lengstu fingrum annarar

 handar

handar inní móðurskeidina upp fyrir ísbeinit til móðurmunnans, og vísifingri hinnar handarinnar inní endaþarminn, konan skal kriúpa á fiórum fótum í rúmi sínu, og setia nidr albogana, svo skal reyna til at þryckia, med fingrinum í endaþarminum, á móðurbotninn, og hýta honum uppá vid og fram í qvidinn, en med hinum tveimr fingrunum bera sig at þrýsta móðurmunnanum nidr á vid móti midpúnkti skálarinnar, svo móðurlífit þannig kunni at rétta sig fram á vid aptr.

At því búnu má konan halda sér í mesta ró og kyrrd lengi á eptir, sía má og til at ecki safnaz þvagit fyrir á ný, heldr leidiz út med fyrr nefndu verkfæri, at eigi verdi hit seinna argara hinu fyrra.

Sé móðurlífit eigi til baka fallit, heldr med þúnga sínum alleina þrycki blødrunni og teppi þvagrásina, þá skal konan leggia sig eins og í hinu fyrra tilfelli á knè og alboga, svo at móðurlífit sígi frá blødrunni upp lengra í qvidinn, og kémr þetta optast at gódu halldi, einkum sé álidit medgaungu tímann, og móðurbotninn ordinn stæckadr.

Sé

